

2. tölublað, 16. árgangur. Desember 2020

# FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



pípu

lakk

# Allt frá hatti oní skó



Hattar



Treflar



Kjólskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Lakkskór (ný tegund)



Erma- og brjósthappa



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/  
bindisnæla





# FRÍMÚRARINN

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## Netfang

ritstjori@frimur.is

## Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

## Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jóseppson (IX)  
thorjose@simnet.is

## Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)  
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)  
olafurs@grantthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)  
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)  
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Pétur S. Jónsson (VIII)  
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VII)  
thor12@ru.is

Stefán Einar Stefánsson (VII)  
stefan.e.stefansson@gmail.com

## Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)  
fmrbladia@gmail.com

Örn Geirsson (IX)  
oddisteina@gmail.com

## Forsíðumynd:

Frá Stórhátíð, sem markaðist af sóttvörnum  
vegna Covid-19. Ljósmynd. Jón Svavarsson

## Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda  
og þurfa ekki að vera í samræmi við  
skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt  
efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt  
til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar  
er að göfga og bæta mannlífið.  
Reglan vill efla góðvild  
og drengskap  
með öllum mönnum  
og auka bróðurþel  
þeirra á meðal.“

# Ávarp

Við upphaf Frímúrarastarfs á Íslandi herjaði mannskæður faraldur á heimsbyggðina, hin svo kallaða spænska veiki. Af heimildum að dæma dóu á heimsvísu milli 25 og 40 milljónir einstaklinga í þeim faraldri. Á sama tíma var fyrri heimsstyrjöldinni að ljúka. Þrátt fyrir þessar hörmungar tókst forustumönnum Reglunnar, með bjartsýni og áræðni, að ýta úr vör starfi sem hefur verið farsælt og öflugt í Reglunni. Í dag eru félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi liðlega 3.600 bræður.

Á ýmsu hefur gengið og nú á þessu ári höfum við enn á ný horfst í augu við fordæmalausar aðstæður í alheimssamfélaginu. Faraldurinn COVID-19 hefur sett allt samfélagið á annan endann. Miklar takmarkanir eru á öllum ferðum og samskiptum fólks í langflestum löndum, þar sem aðgerðir stjórnvalda miða almennt að því að standa vörð um heilbrigðiskerfi hvers lands. Að geta veitt þeim sem verða alvarlega veikir umönnun og heilsuvernd. Á Íslandi hafa heilbrigðisvirkir borið gæfu til að taka skynsamlega á málum og náð góðum árangri með víðtækum sóttvörnum.

Þann 11. mars 2020 var öll starfsemi Reglunnar stöðvuð og hófst hún aftur í byrjun ágúst sl. en stóð í mjög stuttan tíma, uns allri starfsemi var frestað að nýju og nú þegar þetta er ritað er óvíst hvort reglubundið stúkustarf geti hafist fyrir lok þessa árs. En slík staða er auðvitað óæskileg, því hef ég hvatt til þess að bræður nýti nýjar samskiptaleiðir til að ná til sem flestra bræðra án þess að ræða siðbundnar athafnir á alheimsvefnum.

Ég leyfi mér að þakka bræðrum fyrir þeirra viðbrögð við þessum gjörbreyttu aðstæðum. Það hefur verið ánægjulegt að sjá affið sem í bræðrahópnum býr – ekki hvað síst á haustmánuðum, við það að finna leiðir til að ná til bræðra. Nýta til þess hefðbundar leiðir eins og símtöl og tölvu- póstsamskipti. Nú upp á síðkastið hafa verið haldnar netsamkomur, gefið hefur verið út fjölbreytilegt efni, hlaðvarpþættir, myndbandsþættir og svo mætti áfram telja. Ef marka má aukningu „heimsókna“ á heimasíðu Reglunnar, er ljóst að þessi nýbreytni nær til fjölda bræðra.



Kristján Þórðarson, SMR.

Við tökum fulla ábyrgð í þessu almannavarnastarfi – ásamt öðrum þjóðfélagsþegnum, enda mikilvægt að standa saman. Til dæmis höfum við Stórmeistarar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi haldið netfundi með reglulegu millibili, þar sem við kynnum stöðuna í hverju landi og ákvarðanir hvers um sig varðandi starfið, sam allar taka mið af ákvörðunum yfirvalda.

Við leggjum þó ekki hendur í skaut. Leggjum áherslu á iðkun dyggðanna. Sýnum í verki að sá boðskapur sem við höfum leitast við að ávinna okkur í reglustarfinu er það sem máli skiptir.

Þessari COVID-árás á alla þætti samfélagsins verður hrundið; til þess þurfum við að sýna rósemi hugans; samstöðu í því að fylgja fyrirmælum stjórnvalda og að finna færar leiðir til að hjálpa hvorir öðrum. Ég hvet því bræður til áframhaldandi lögmætra samskipta og góðra verka, úti í samfélaginu sem og innan Reglunnar. Síðast en ekki síst hvet ég ykkur bræður mínir til að bera umhyggju fyrir ykkur sjálfum, bera hag fjölskyldunnar, bræðra ykkar og vina fyrir brjósti. Guð blessi ykkur öll.

Kristján Þórðarson



MARPORT

MARPORT.COM





Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

*Eiríkur Finnur Greipsson hefur í mörg horn að líta við að tryggja öryggi í miðjum heimsfaraldri en jafnvel honum er skákað í sóttkví þegar Covid-19 gerist of nærgöngult.*

# Nú er lag að hugleiða og framkvæma dyggðir frímúrara

Eiríkur Finnur Greipsson segir frá viðbrögðum Reglunnar við hinum fordæmalausum aðstæðum sem kórónuveiran hefur skapað

Nánast allt félagsstarf í landinu er lamað vegna Covid-19-plágunnar, þar á meðal starfsemi Frímúrarareglunnar, og er þá sláandi að hugsa til þess að upphaf fullgilds frímúrarastarfs hér á landi er rakið til þrettándans 6. janúar 1919 þegar spænska veikin var í algleymingi. Samfélagið er mjög breytt frá þeim tíma og má ímynda sér að kórónuveiran hefði verið stórhögg ekki síður en spænska veikin ef ekki nýti nútíma læknisþjónustu og strangra sóttvarna.

Spurður hvort vonlaust sé að halda úti frímúrarastarfi á meðan kórónuveiran geisar segir Erindreki Reglunnar, Eiríkur Finnur Greipsson, að svarið sé ef til vill í anda líkindareiknings.

„Akkúrat núna er það fullkomlega ómögulegt, en hins vegar var það mögulegt fyrir örfáum dögum. Forsendur hafa í raun stöðugt verið að breytast. Þegar þetta viðtal er tekið, í annarri viku október, hefur

COVID-19-faraldurinn náð nýjum hæðum og stefnir í hærri hæðir en í mars síðastliðnum.“

Eiríkur Finnur er nýsloppinn úr sóttkví.

„Enginn veit hver verður næst fyrir árás kórónuvírussins. Þannig hafði rakningarteymi Ríkislögreglustjóra samband við mig fyrir fáeinum dögum og setti okkur hjónin í sóttkví þar sem við höfðum átt samskipti við fjölskyldumeðlim sem reyndist vera

smitaður. Við höfðum engin einkenni en mér brá. Ég er í áhættuhópi og viðurkenni að ég er mjög smeykur við þennan vágast.“

### Fumlaus viðbrögð

Hvernig bregst Reglan við þessu ástandi?

„Ef við hverfum allt til fyrstu viku marsmánaðar, þá brást yfirstjórn Reglunnar mjög hratt við og ákvað að stöðva bæri allt stúkustarf frá og með 11. mars til síðari hluta aprílmánaðar. Sú frestun var svo framlengd til loka starfsárs Reglunnar sem er 30. júní ár hvert.“

Undirbúningur nýs starfsárs hófst svo strax síðastliðið vor og var ákveðið að hefja núverandi starfsár 6. ágúst sem er óvenju snemma hausts. Starfið hófst og voru tveir fundir haldnir í Landsstúkunni en þeim þriðja, sem halda átti 13. ágúst, var svo frestað til 3. september vegna fjölgunar kórónuveirusmita. Starfið fór svo aftur af stað 3. september í nokkrum stúkum.“

Smit hefur ekki dreifst innan Reglunnar á Íslandi eins og dæmi er um annars staðar, meðal annars í Svíþjóð. Þar var brugðist við með skipan þriggja starfshópa til að takast á við vandann, greiningarhóps, ákvörðunarhóps og samskiptahóps.

„Við verðum að lifa lífinu innan þeirra takmarkana sem okkur eru settar. Við tökum áhættu á hverjum degi, jafnvel oft á dag. Munum bara að fara varlega og íhuga hvert skref, reynum að forðast smit með því að haga okkur með ábyrgum hætti. Föllum að tilmælum heilbrigðisyfirvalda. Hlýðum Víði! Greinum hvernig þau tilmæli falla að starfinu og komum þeirri greiningu á framfæri við bræður með þeim bestu aðferðum, tækjum og tólum sem við höfum yfir að ráða á hverjum tíma.“

Er til viðbragðsáætlun ef allt fer á versta veg?

„Við höfum sett upp sviðsmyndir og viðbragðsáætlanir; þegar ég segi við á ég við viðbragðsteymi Regluheimilisins sem SMR skipaði og er auk hans skipað br. R&K Kristjáni S. Sigmundssyni HSM, br. R&K Snorra Magnússyni St.Sm. og mér. Nú hafa verið skipuð önnur slík teymi í flestum stúkuhúsum sem tilheyra Frímúrarareglunni. Við búum við það skipulag að vitað er nákvæmlega hverjir eru í stúkuhúsunum á hverj-

um tíma, á fundum og athöfnum. Nöfn, netföng og símanúmer liggja fyrir með stuttum fyrirvara. Þannig er mjög auðvelt að aðstoða rakningarteymi við að ná sambandi við bræður sem hættu getur verið á að séu smitaðir.“

### Allt skráð upp á framtíðina

Voru einhver gögn eða skjöl til í vörslu Reglunnar sem gátu orðið til leiðbeiningar um viðbrögð vegna faraldurs af þessu tagi, ef til vill frá upphafsárinu, og hvort heldur sem er, gæta menn að því núna að skrá niður ráðstafanir sem geta gagnast Reglunni síðar, ef og þegar ný farsótt tekur að herja á fólk?

„Þetta er mjög áhugaverð spurning en svarið við henni er að ég hreinlega veit ekki til þess að slík gögn séu til. Skjalaverðir Reglunnar hafa unnið ómetanlegt starf á liðnum árum og þar á meðal að skönnun og skráningu skjala en enn er mikið starf þar óunnið. Aðgengi að skjalasafninu þarf líka að bæta og það er vonandi á góðri vegferð.“

Varðandi síðari hluta spurningarinnar er svarið: Já, við skráum þetta niður og munum vonandi ná að geyma það á aðgengilegan hátt.

Þegar ég tók við starfi Erindreka var skráning „sviðsmynda“ meðal annars eitt af því sem undirbúningshópur að stofnun þess embættis hafði skjalfest og finnst mér það til fyrirmyndar. Í mínum fyrri störfum hefur mér þótt mikilvægt að útbúa „gátlista“ og „ferlalyfingar“ og eftir að ég tók við starfi ER/St.R. hef ég meðal annars átt mjög gott samstarf við br. R&K Snorra Magnússon St.Sm. um skráningu á ýmsu því sem viðvíkur undirbúningi og framkvæmd „Opins húss“, Regluháttíðar og fleira. Slík skráning er mikilvæg, meðal annars til að tryggja að nýir menn sem koma að slíkum verkefnum eigi auðveldara með að sinna þeim og að ekkert gleymist. Aðgengi að þessum upplýsingum þurfum við þó að skipuleggja betur.“

### Öllu stúkustarfi frestað

Góðar vonir voru bundnar við að taumhald hefði náðst á kórónuveirunni í sumar en það hélst ekki lengi. Yfir gengu önnur og jafnvel þriðja bylgja, sé yfirleitt hægt að tala um að farsóttin breiðist út í bylgjum.

„Sóttvarnareglur í haust voru

þess eðlis að takmarka varð fjölda bræðra á fundum vegna leyfðs hámarksfjölda á samkomum og lágmarksfjarlægðar milli manna. Voru reglur heilbrigðisyfirvalda að sjálf-sögðu virtar, krafist notkunar allra sóttvarna, fjarlægðar á milli bræðra og svo framvegis. Þetta hafði, auk fjöldatakmarkana, þau áhrif að gera þurfti breytingar á ævaforðri framkvæmd stúkufunda.“

Öllu stúkustarfi var svo enn og aftur frestað til 20. október – og þegar þetta samtal okkar fer fram eru líkurnar á að starfið fari í gang þann dag heldur litlar.“

Hver hafa viðbrögð bræðranna verið?

„Það er unnt að fullyrða að stuðningur var nánast alger síðastliðið vor um stöðvun á öllum fundarhöldum stúknanna. Seinnipart hausts, það er eftir að starfinu var frestað í byrjun ágúst, bar mikið á því að bræður hefðu samband þar sem þeir spurðu hvort ekki ætti að fara að hefja starfið að nýju. Eitthvað bar víst á því líka að bræður létu í ljósi óánægju sína með fjöldatakmarkanir á fundum, vildu frekar að öllu starfi yrði frestað. Einnig létu bræður í ljósi þá skoðun sína að stöðva hefði átt starfið fyrir í september, jafnvel þeir sem hvöttu til þess að það hæfist fyrir í haust. Það er auðvitað ekki skrytið að í hópi tæplega fjögur þúsund bræðra séu skoðanir skiptar.“

Áfstaða yfirstjórnar Reglunnar er skýr um að halda beri fundi og viðburði á vegum stúknanna þó að takmarka þurfi fjölda þátttakenda sem og að gera hóflegar breytingar á framkvæmd funda ef þurfa þykir. Allt skuli þó gert samkvæmt kröfum stjórnvalda um sóttvarnir.

„Starfið í Reglunni byggist á því að við sýnum kærleika, umburðarlyndi og væntumþykju. Að við ræktum þessar dyggðir og fleiri af iðni og alúð.“

### Í mörg horn að líta

Hvernig snertir þetta embætti þitt sem ER – og fleiri stöður sem þú gegnir nú orðið?

„Embætti Erindreka er enn í þróun og mótun. Þegar ég tók við því starfi fyrri hluta árs 2018 reiknaði ég alls ekki með að verða St.R. í janúar síðastliðnum og þaðan af síður að verða líka skrifstofustjóri Reglunnar nokkrum vikum síðar. En svona er



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

*Eiríkur Finnur er sloppinn úr sóttkví, en viðbragðsteymi SMR hefur nýlega gefið út að lokun safna og stöðvun viðburða innan Reglunnar gildi um óákveðinn tíma.*

staðan í dag og ég get fát annað sagt í fullri auðmýkt en að mér finnst það ótrúlegt traust sem mér er sýnt með því að hafa verið falið að sinna þessum verkefnum.

Það væri óheiðarlegt af mér að viðurkenna ekki að ég hef haft áhyggjur af því að starf mitt sem ER líði fyrir annasamt starf St.R. og ekki síður starf skrifstofustjóra. Það var heldur ekkert sem benti til þess að COVID-19-faraldurinn setti allt samfélag jarðarbúa í uppnám nokkrum dögum eftir að ég tók við starfi skrifstofustjóra. En ég viðurkenni líka að ég sé mjög marga kosti við þessa skipan. Meginókosturinn hefur á hinn bóginn verið sá að ég er enn að læra fjölmarga hluti sem St.R. og skrifstofustjóri þurfa að annast. Starfið sem COVID-19-faraldurinn hefur krafist af mér og öðrum er líka ótrúlega umfangsmikið og krefjandi.“

Öll þessi störf eru þjónustustörf fyrir bræður, einstakar stúkur og ráð Reglunnar og fela í sér miðlun upp-lysinga, úrvinnslu og flokkun erinda,

aðstoð við að finna svör og lausnir ýmissa verkefna og fjölbreyttra erinda bræðrana auk samskipta við erlendar Reglur og stúkur.

„Ég má heldur ekki gleyma því að ég hef mér til hjálpar tvo mjög reynda starfsmenn á skrifstofunni, þá Þórð G. Kjartansson og Ólaf Friðrik Ægisson, auk sérlega vandaðs hóps núverandi og fyrrverandi embættismanna og bræðra. Svo hefur samstarf mitt við Kristján Þórðarson SMR gengið afburða vel, enda er hann glöggur, stefnufastur og sanngjarn sóknarmaður. Sama get ég líka reyndar sagt um samstarf mitt við fyrrverandi SMR Val Valsson.

Ég viðurkenni að umfang þessara starfa allra er mjög krefjandi en ég hef alla tíð haft mikla þörf fyrir að hafa mikið að gera. Guðlaug, konan mín elskuleg, segir reyndar að ég sé vinnufikill og að ég geti ekki unnið rólegt starf. Það eru líka forréttindi að fá að starfa við áhugamál sitt til margra áratuga. Ég þarf líka að fara varlega, ég varð fyrir kulnun í mínu

fyrri starfi og varð að taka mér tæplega þriggja mánaða veikindaleyfi en bar gæfu til þess að geta hafið störf að nýju; hafði reyndar á þeim tíma frábæra yfirmenn sem studdu mig á alla lund.“

### Sælla að gefa en þiggja

Hvað á frímúrari að gera til að halda áfram á vegferð sinni þegar svona stendur á?

„Í mínum huga er ýmislegt sem bræður geta gert sjálfir auk þess sem starfsstúkurnar hafa verið að bjóða uppá fundi og samverustundir. Bókasöfnin voru opin í haust, Bræðrastofan í Regluheimilinu einnig en það starf liggur reyndar alveg niðri þessa dagana. Kórstarfið í heimilinu hefur ekki farið í gang enn þá. Stúkan Mælifell hefur boðið uppá vel heppnaðar netsamkomur í gegnum TEAMS samskiptaforritið og fleiri mættu taka það upp. Einnig er mér kunnugt um að fleiri hugmyndir eru í úrvinnslu. En – það er líka sérlega auðvelt að taka hlutina í eigin hendur. Við þessar aðstæður gefst tími til að huga að sínum innra manni, að hugleiða og að lesa. Bræðrunum er uppálagt að huga vel að sjúkum bræðrum og bágstöddum. Gleymum heldur ekki okkar nánustu – fjölskyldunni, sem er ein okkar helgasta eining. Eitt símtal gefur þeim sem hringir örugglega meira en þeim sem það fær. Myndsímtöl og eða samskipti með fjölbreyttum forritum eða „öppum“ eru mjög gagnleg til að ná meiri nánd við viðmælandann. Þannig má áfram telja. Það er nefnilega sælla að gefa en þiggja.“

Hefurðu einhver brýn skilaboð til bræðrana?

„Já, ég hef þau: Farið varlega, metið ykkar eigin stöðu og áhættu. Sýnið varúð í samskiptum og umgengni við aðra. Takið fullt tillit til þeirra sem verða á vegi ykkar og farið eftir tilmælum um sóttvarnir. Munið líka að starf okkar frímúrara á alls ekki bara að fara fram innan veggja Regluheimilisins eða stúkuhúsanna. Nú er lag sem aldrei fyrr að hugleiða og framkvæma dyggðir frímúrara.

Við munum sigrast á þessum vággesti og þegar það gerist, komum við reynslunni ríkari og orkumeiri til starfa við þá íþrótt sem starfið í Reglunni gengur út á.“

*Þór Jónsson*





*„Við erum andlegar verur, sköpuð í Guðs mynd. Í þeim mannskilningi eru líka fólgin fræ jafnréttishugsunarnarinnar. Það er vart að finna í öðrum trúarbrögðum. Þannig er byltingarafl innbyggð í kristindóminn.“*





Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

# Löggin geta ekki gert mann góðan

Arnar Þór Jónsson, dómari, ræðir við Karl Sigurbjörnsson, biskup

Sem lögfræðingur staldra ég iðulega við ádeilu Krists á farísea og lögvitringa. Ber ekki að skilja þau orð sem áminningu um mikilvægi þess að menn hyggi að anda laganna, samhliða bókstafnum, en láti ekki þrönga bókstafshyggu leiða sig á villigötur? Var lögmálið annars ekki í upphafi gefið mönnum sem voru farnir að tilbiðja gullkálfinn? Slíkir menn þurftu vafalaust á reglum að halda, en þegar menn ætla svo að fara að tilbiðja lögmálið sjálft má færa rök fyrir því að tímabært sé að veita þeim nýja áminningu. Sem leikmaður hef ég litið á boðskap Krists sem nauðsynlegt, lífgefandi, mótvægi við ósveigjanleika lögmálsbyggjunnar. Í samræmi við það hef ég litið svo á að hlutverk laganna sé ekki síst í því fylgið virða og vernda frelsi borgaranna gagnvart hvers kyns ytri ásælni og þvingunartilburðum. Með hliðsjón af stjórnskipunarsögu Vesturlanda hef ég talið að aðalsmerki lýðfrjálsra samfélaga birtist einmitt í viðleitni til að feta hinn þrönga veg milli þess að lúta lögum og virða frelsi manna til innra lífs, hugsunar og tjáningar, þar sem frelsi og ábyrgð togast eilíflega á. Því hnykkti mér óþægilega við þegar haft var eftir samskiptastjóra Biskupsstofu 4. september sl. að Kristur hafi „sífelld“ lagt „lögmálið til hliðar“ og einblint á kærleikann, mannvirðingu og einingu allra í andanum. Í því skyni að öðlast skarpari sýn á þessi efni leitaði ég til herra Karls Sigurbjörnssonar biskups.

*Hvernig myndir þú lýsa afstöðu Krists gagnvart lögmálshyggjunnni, þ.e. að allar reglur séu ávallt ófrávikjanlegar?*

Kristur tók afstöðu gegn hreinni lögmálshyggju. Í því samhengi má ekki gleyma því að Faríserarnir voru meðal bestu manna samfélagsins. Þeir vildu vel, en voru uppteknir af því að lög og reglur mótuðu líf manna í smáatriðum og vörðuðu veg mannlífsins með ótal boðum og bönnum. Kristur afhjúpar vægðarlaust þá skinhelgi og hroka sem oft er fylgiskur lögmálshyggjunnar og bendir iðulega á útlendinga og annarrar trúar fólk sem fyrirmynd, fólk sem þekkti ekki forskriftir lögmálsins en bregst samt við af sjálfsprottinni samlíðan og umhyggju. Það þótti mörgum óþolandi þá og jafnvel enn, af því að menn vilja gjarna hafa skýrar reglur og hreinar línur að styðjast við. Í Fjallræðunni dregur Jesús fram ýmis boðorð Lögmálsins í Gamla testamentinu, og hnykkir á þeim. „Þér hafið heyrt að sagt var... En ég segi yður...!“ Þar beinir hann sjónum að hugarfari og hjarta, samvisku manna. Þarna er minnt á að það snýst ekki um blinda hlýðni við forskriftir heldur kærleika, umhyggju, hugarfar kærleikans. Kristur segist vera kominn til að uppfylla lögmálið og kvaðir þess, löghlýðinn gyðingur allt til dauða. Boðskapur hans er boðskapur náðar og vonar.

### Við höfum val

Grundvallarþáttur í trúnni sem Biblían boðar er að lífið er gjöf Guðs og tilveran er lögmálsbundin heild – sbr. viðlagið í 1. Mós.1: „Guð sá að það var gott...“ – þannig úr garði gert að það þjónar markmiðum kærleika hans. Lífið, sem Guð skapaði, er gott. Hver hlekkur lífskeðjunnar hefur sitt hlutverk og sess og þar ríkir dýrmætt jafnvægi og regla. En svo er þetta með manninn, manneskjuna. Um sköpun mannsins er sagt að „Guð skapaði manninn í sinni mynd. Hann skapaði þau karl og konu og Guð blessaði þau.“ Þar segir ekki: „Guð sá að það var gott.“ Mér finnst það merkilegt. Mér finnst þetta vísa til frelsis mannsins. Við höfum val, getum valið hið góða. Í því er tign mannsins fölginn, tign og ábyrgð.

Jesús leggur áherslu á að draga megi Boðorðin tíu saman í tvíþætta kærleiksboðið, sem er reyndar líka í

trúarjátningu gyðinga: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum... og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Guð og náunginn. Guð setti lögmálið mannsins vegna, í þágu lífs og gæfu manns og heims. Það er sett lífinu til varnar, þessu lífi sem er svo auðsært og brothætt. Leiðsögureglan sem Jesús gefur okkur er Gullna reglan: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður það skulið þér og þeim gjöra.“ Dæmisögur Jesús og fjallræðan, og fordæmi Jesús sjálfs, sýna okkur megináherslur hans hvað varðar breytni manna.

Á öllum tímum hafa kristnir menn samt hneigst til lögmálshyggju. Frægt dæmi er Calvin (1509-1564), sem sjálfur var lögfræðingur og vildi skipuleggja allt í smáatriðum og skapa þannig gott samfélag. Reynslan sýnir að lögmálshyggja endar í harðstjórn.

*Þannig að lögin ein megna ekki að skapa gott samfélag eða hvað?*

Hinir fornu Rómverjar sögðu um þetta „Pessima res publica, plurimae leges“, sem þýðir: „Þeim mun verra er samfélagið sem lögin eru fleiri.“ Þannig er það gömul reynsla og ný að við búum ekki til gott samfélag með lögum og reglum eingöngu.

### Lögin geta ekki skyldað manninn til að vera góðan

*En hvað má þá kallast gott samfélag í kristnum skilningi?*

Frjálst samfélag sem er grundvallað á réttlæti. En þá erum við ekki aðeins að tala um frelsi frá einhverju heldur einnig frelsi til þess að gera það sem er gott og satt. Allir eru samála um að frelsið sé meðal æðstu gæða, en skilja það gjarna einvörðungu sem frelsi frá einhverju. Það er arfur frá upplýsingunni, frönsku byltingunni fyrst og fremst. Kristin siðfræði er kærleikssiðfræði. Ekki siðfræði réttinda einvörðungu, eins og nú er helst haldið á lofti, heldur siðfræði tækifæra, frumkvæðis og ábyrgðar til þjónustu, umhyggju og kærleika. Það er hið nýja sem Jesús kemur með inn í vitund mannkyns og snýst allt um frumkvæði og um tengsl og samskipti. Maðurinn er aldrei einn, þú ert alltaf skuldbundinn öðrum. Við erum sköpuð í Guðs mynd og jöfn fyrir augliti hans. Réttlæti er það sem er í samræmi við vilja Guðs.

*Ög hvernig birtist þetta í framkvæmd?*



Móðirin auðsýnir barni sínu umhyggju og ást, ekki af því það á það skilið, heldur af því að kærleikurinn, umhyggjan og lögmál lífsins krefst þess, lögmálið sem Guð hefur lagt mönnunum í brjóst, eins og Páll postuli segir. Lögin geta ekki gert mann góðan, geta ekki skyldað manninn til að vera góður. Þau geta stíkað út leiðirnar fyrir réttlátt líf og hið góða samfélag en þau geta ekki breytt manneskjunn.

*En nú lifum við á tímum þar sem löggjöfin teygir sig sífellt lengra inn í okkar daglega líf. Sífellt færri svið eru lögunum undanþegin. Allar okkar athafnir frá morgni til kvölds falla undir hinn langa arm laganna. Hvar getum við sagt að draga beri mörk slíkrar ásælni?*

Samviskufrelsið er grundvallarfrelsið. Ríkisvaldinu er nú beitt til að saksækja fólk sem hefur bannaðar skoðanir. Þetta hefur verið kallað fasismi. En nú er áherslan lögð á það að þetta sé til verndar þeim veiku í sam-





Karl Sigurbjörnsson, biskup, og Arnar Þór Jónsson, héraðsdómari, ræða saman.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

félaginu. Hinn göfugi tilgangur helgi meðalið. En valdhafinn getur ekki lögbundið hjarta manns og samvisku.

*Samt er það svo að sífellt er verið að setja fleiri – og nákvæmari reglur – sem þrengja að frelsi manna. Hvað segir kristin guðfræði nánar um þetta?*

Guð hefur gefið okkur reglur (boð-orðin) en líka frelsi. Þarna á milli er alltaf dýnamík / spenna. Lúther sá þetta sem rauðan þráð í gegnum alla ritninguna, sem túlkunarlykil, þ.e. lögmálið annars vegar og fagnaðarerindið hins vegar.

*... og sú slóð getur reynst vandrötuð eða hvað? Má segja að þarna liggir hinn rétti vegur, sem liggur inn um þrönga hliðið sem okkur er ætlað að ganga um?*

Já. Biblían geymir samt sögur af alls konar fólki sem mistekst á þessari vegferð. Þar er reyndar fátt um glansmyndir, manneskjan er sýnd í afar raunsæju ljósi. En Guð reisir við þann sem fellur. Það kallast fyrirgefning syndanna.

### Maðurinn er alltaf frjáls til að taka afstöðu

*Ég las einhvers staðar að Elísabet I. Englandsdrottning hefði sagt að hún vildi ekki gægjast inn í sálir manna. Með því átti hún við það að hver og einn maður hefði frelsi til að leggja sinn eigin skilning í trúarlega texta og fyrirmæli valdhafanna. Eftir því sem auðveldara verður að safna upplýsingum um fólk leitar sú spurning oft á hugann hvort nú séu runnir upp þeir tímar að menn geti lagst á slíkar gægjur. Hvar stendur samviskufrelsið þegar svo er komið?*

Elísabet drottning er að þessu leyti sammála Lúther og fleiri guðfræðingum kristninnar sem eru raunsæir á þau mörk sem veraldlegum valdhöfum ber að virða: Enginn þekkir það sem í mannum býr nema Guð einn. Þess vegna er ekki hægt að lögbinda samvisku fólks. Lögunum kemur ekki við hvort þú ert góður eða ekki. Lögin skipta sér ekki af því

hvort þú gerir skyldu þína af nauðung eða af gleði, en þau marka leiðir og setja mörk til að vernda lífið og samfélagið. Og gagnvart þeim eiga allir að vera jafnir. Maðurinn er alltaf frjáls til að taka afstöðu með hinu góða eða á móti. Í eðli manneskjunnar býr frelsið, það birtist t.d. í sögunni um aldingarðinn. Guð segir við manninn: „Þetta skaltu láta vera“ en reisir ekki girðingu í kringum bannsvæðið. Manneskjunn er treyst. Hlutverk okkar er að velja. Svo kemur freistarinn sem sáir efasemdum og tortryggni. En maðurinn veit þó innst inni hvað honum er fyrir bestu.

*Má draga ályktanir af þessu um hver séu mörk laganna?*

Já. Samviskufrelsið er grundvöllur frelsis og mannréttinda. Mannhelgi er fallett orð og dýrmætur veruleiki.

*En er ekki hin hliðin á sama peningi sú að menn haldi að það eitt að fylgja lögum geri mann réttlátan?*

Fjallræðan er uppgjör við þennan hugsunarhátt. Maður stendur sína

plikt en hvað segir hugarfarið? Sagan um miskunnsama Samverjann varpar ljósi á þetta. Samverjinn brást ekki við náunganum út frá reglum heldur af sjálfssprottinni samliðan og umhyggju.

*Hvað með dómhörkuna sem fylgir í kjölfar slúkrar hugsunar?*

Dómharkan er í hæsta gengi nú, og allskyns vandlætingarsemi og móralsmi sómuleiðis. Einu sinni var mikið fundið að því að það væri svo mikið talað um syndina í kirkjunni. En þá var verið að leggja áherslu á þetta: Alveg sama hver þú ert og hvað þú ert góð manneskja, þá ertu ekki nóg án tengsla við Guð. Þú þarft að horfast í augu við það að þú stenst aldrei mál hins góða, fagra og fullkomna. Að þú átt allt undir náð og miskunn Guðs. Enginn getur dæmt aðra nema hann viti sig sjálfan undir dómi hins réttláta, sanna, hreina. Því er hættulegt að setja sjálfan sig í dómarsæti yfir öðrum.

### Guðsríki verður aldrei komið á með ofbeldi

*Hvernig getur kirkjan verið mót-vægi við þetta?*

Með því að vera kirkja.

*Hvernig skýrirðu það nánar?*

Kirkjan hefur í okkar samtíð ekkert kennivald né stuðning af valdhöf-um veraldarinnar. En hvað gerir hún best? Og hvar er hennar vettvangur? Sagan sýnir að kirkjunni farnast aldrei vel þegar hún reiðir sig á valdið. Hlutverk kirkjunnar er að höfða til samviskunnar með það eina sem hún hefur fram að færa, sem er Jesús Kristus, krossfestur og upprisinn. Mótsstaðurinn er þar sem Kristus mælir sér mót við manneskjuna: Við guðsþjónustu, við skírn, altarisgöngu, giftingar o.s.frv. og svo í daglegri þjónustu við náungann, í þeim sem hann kallar sín minnstu systkin.

Kirkjan getur tekið alls konar stefnumál upp á arma sína og aflað sér vinsælda en ef Guð er ekki í myndinni þá er hún klæðalaus eins keisarinn í sögu H.C. Andersen ... og allir sjá það. Nema hinn sjálfumglaði. Menn eiga samt svo erfitt með að læra þessa lexíu. Kristus talar í þessu samhengi um muninn á þeim sem byggja hús sitt á bjargi eða sandi. En hann undirstrikar að bjargið er orð Krists. Kirkjan hefur ekki annað mikilvægara hlutverk en að koma boð-

skap Jesú Krists á framfæri, krossi Krists og upprisu.

*Birtir saga kristindómsins ekki einmitt mikilvægi þessa kjarna í hnotskurn? Er það ekki verdugt viðfangsefni kristinnar kirkju að virða frelsi mannsins til sjálfstæðrar ákvörðunartöku og minna á nauðsyn þess að maður sem vill njóta frelsis þurfi að geta veitt öðrum sambærilegt frelsi?*

Guðsríki verður aldrei komið á fót með ofbeldi, því ekki er unnt að lögbinda samvisku fólks eins og ég nefndi áðan. Hvorki dómari, presturinn né biskupinn mega ímynda sér að hafa höndlað allan sannleikann.

*Sérstaklega ekki á þeim „póst-móðernísku“ tímum sem við höfum lifað síðustu ár, þar sem markvisst er unnið að því að brjóta niður allt kennivald. En það þýðir þó ekki að varpa beri sannleiksleitinni fyrir róða, er það?*

Sannleiksleitinn er mikilvæg. „Ég er sannleikurinn,“ segir Kristus. „Hver sem er sannleikans megin heyrir mína rödd.“ „Ef þér farið eftir því sem ég segi eruð þér sannir lærisveinar mínir og munið þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ Það er ekki sannleikur sem maður getur reiknað sig fram til, skilgreint, afmarkað, sett í kerfi, heldur persónulegt lífsafl sem ummyndar hið innra. Kristus svarar ekki með formúlum heldur með því að kalla manninn til fylgdar við sig á vegi kærleikans til Guðs og náungans.

Þessi kynslóð hefur verið svo upptekin af því að afbyggja allt kennivald og kannski alla ábyrgð. En manneskjan getur ekki lifað án ramma. Við sjáum það á því að barnið þarf styrka arma umhyggjunnar. Án þeirra verður barnið öryggislaust og fer að efast um að það sé elskað. Getur verið að sjálfsmýndarkrísur ungs fólks stafi af þessu? Barninu er fyrir bestu að fá að vera barn. Og orðið barn merkir „það sem er borið.“ Barnið hefur samvisku eins og allir aðrir og hún þarf að fá næringu og þroskast í samfélaginu, og það þarf að fá tækifæri til að taka ábyrgð á sjálfu sér, þ.m.t. að fá tækifæri til að horfast í augu við eigin misgjörðir og mistök. Sagan sýnir að menn eru ekki fyrir búnir að rífa niður öll viðmið og mörk en að byrjað er að kalla eftir nýjum girðingum fólki til varnar og tækifæri skapast fyrir valdagíruga ofríkismenn.

Stjórnlaysi verður þannig tæki harðstjórnarinnar. Manneskjan leitar alltaf eftir „authoriteti“, einhverju til að marka brautina og er auðginnt. Vandlætingin er háskaleg braut og reiðin er hættulegt afl. Réttlát reiði getur verið nauðsynleg, en getur ekki verið grundvöllur til að byggja á. Ótal dæmi staðfesta það í sögu og samtíð.

*Óg þótt Kristur hafi boðað samhjálpa og náungakærleika, þá falla menn aftur og aftur í gryfju ofurein-földunar Karls Marx, þ.e. að allt í samfélagi manna beri að skoða út frá baráttu á milli fólks, stétta og þjóða?*

Samfélagi manna væri betur lýst út frá tengslum en baráttu. Sjáðu hvað það er merkilegt að mannsbarnið er lagt á brjóst og móðirin leitar augnsambands við það. Barnið þrífst ekki án þessara tengsla, án þess að vera séð augum umhyggju og ástar. En svo kemur að því að það þarf að standa á eigin fótum sem ábyrg manneskja í mannlegu samfélagi. Manneskjan er félagsvera. Þú ert til og þroskast sem einstaklingur af því að það er horft á þig. Barn sem ekki er séð verður öryggislaust. Litla barnið segir „sjáðu mig“, það er partur af þroska barnsins. Ég tel að einstrengingsleg áhersla á réttindi einstaklingsins án skírskotunar til samfélagsins hafi orðið til þess að ábyrgð og skyldur hafa horfið í skuggann.

### Við þurfum heilbrigða trú og ekki síður heilbrigðan efa

*En hvað með eina kennivaldið sem nú er hampað, þótt það tali sjaldnast einum skýrum rómi, þ.e. kennivald náttúruvísindanna?*

Náttúruvísindin eru í sömu hættu að þessu leyti og kirkjan, þ.e. óheppi-legt er að þau stígi út á svið stjórnmálanna og valdsins.

*Sjáum við þessa hættu raungerast í því að náttúruvísindin snúast gegn sjálfum sér, t.d. með því að bannað er að ræða, rannsaka eða jafnvel hugsa um tiltekin atriði þar sem það gæti hróflað við hinum viðteknu sannind-um?*

Mögulega, já. Þetta var vandi miðaldakirkjunnar sem vildi hafa alla þræði í sínum höndum. Ég ber virðingu fyrir náttúruvísindunum, en trúu ekki á þau. Ég treysti góðu fólki, visku og þekkingu sem beitt er í þágu hins góða. En ég er einatt efasemda- maður þegar kemur að stórum full-





Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

yrðingum um mátt og megin mannsins og mannlegra kerfa og almennasamsinni. Nú er það notað sem sönnun einhverrar fullyrðingar að 99% vísindamanna segi þetta eða hitt. En, bíddu við, töldu ekki 99% lærðra manna á miðöldum að Gjordano Bruno hefði rangt fyrir sér? Rétttrúnaðurinn veður uppi, nú ekki síður en þá.

*Má út frá þessu álykta sem svo að maðurinn geti ekki lifað án trúar í einhverri mynd?*

Við þurfum heilbrigða trú og ekki síður heilbrigðan efa. Það sem mestu varðar er að leggja rækt við hið góða. Fylla hjartað af góðum hugsunum. Þess vegna hefur alltaf verið litið þannig á að grundvallaratriðið í mótun góðs samfélags sé ekki bara góð lög og góðir stjórnendur, heldur að hafa sýn til hins góða.

*Hvernig mótast slík sýn og hvernig er henni viðhaldið?*

Með hefðinni og siðunum, sögunum, söngvunum, helgidómunum, sem bregða upp mynd hins góða samfélags, framtíðarsýninni. Í hinu kristna samfélagi er það krossinn og uppriksin, náðin og vonin.

*Hvert er svar kirkjunnar við því niðurbroti sem við höfum hér rætt?*

Menn eru uppteknir af því að brjóta niður siðinn og stæra sig af því að afbyggja tákni og hefðir. Trú er fremur siður og samhengi en skoðanir á svonefndum andlegum eignum. Trú er framar öllu að sameinast á grunni

við ákveðna iðkun og sögur, hefðir og siði sem halda manni við efnið, halda manni við hið góða. Hin kristna samfélagsmótun er að halda fram mynd og boðskap Jesús Krists. Að boða Krist sem stendur á jörðu og opnar faðmunn og segir „komið til mín“ (hvort sem þið eigið það skilið eða ekki). Krossinn er greypur í jörðina og ris mót himni og faðmar allan heiminn, alla menn, fortíð og framtíð.

*Gegnir þá trúin ekki mikilvægu hlutverki í því uppbyggingarstarfi sem þarf að fara fram í kjölfar alls þessa niðurbrots?*

Jú. Ef menn hafa engan sameiginlegan grunn til að standa á, getur ekkert samfélag staðið til lengdar. Kringlan og Smáralind duga ekki til. Trúhneigð manneskjunnar er ólæknandi og leitar sér alltaf að farvegi. Oft því miður óheilmænum, sannarlega. En leiðréttingarforritið er innbyggt í hinn kristna sið, fagnaðararindi Jesús Krists.

*En nú lifum við auðvitað í „plúralísku“ samfélagi, þar sem ólíkum trúarbrögðum og lífsskoðunum ægir saman. Hvað getum við gert til að halda saman slíku samfélagi?*

Umburðarlyndi er mikilvæg dyggð. En umburðarlyndið eitt, eins og það er skilgreint nú, jafngildir nánast afskiptaleysi og dansar á línu afstæðisbyggju, og er þá ekkert nema virðingarleysi. Umburðarlyndi afskiptaleysisins byggist á ótta. Við þurfum umburðarlyndi sem byggir á

þeim andlega grundvelli sem segir að við viljum ekki þola ákveðnar hugmyndir, svo sem kvenhatur og að við eigum að þora að segja það. Við þurfum líka auðmýkt gagnvart því að aðrir geti haft rétt fyrir sér. Við þurfum líka þolinmæði og kærleika sem rekur út óttann. Óþolinmæðin ræður einnig ferðinni, bráðlæti og hroki gagnvart öðrum. Hrokinn og hræðslan haldast einnig í hendur.

*Hver stjórnar þá ferðinni þegar tíðarandinn er þessi sem þú lýsir?*

Mannskepnan þarf að finna öryggi, þolir ekki öryggisleysi. Barnið þarf reglur, athygli, rými til að leika sér og þroskast á líkama og sál í samskiptum við aðra. Óttinn fylgir manningnum eins og skuggi, en trúin er ljós sem bægir honum burt. Einhver sagði: „Ég óttast ekkert nema Guð og þá menn sem óttast hann ekki“. Trúin segir okkur að óttast ekki heldur að treysta Guði. Guðsótti er lotning fyrir Guði, uppsprettu alls hins góða, og virðing fyrir náunganum og fyrir lífinu, helgi lífsins.

### Kennivaldi fylgir ábyrgð

*Þannig að við þurfum þá eftir allt saman kennivald?*

Kennivaldið er ekki eitthvað sem maður tekur sér heldur nokkuð sem manni er trúð fyrir í þágu samfélagsins. Þegar kennivald er tekið niður þá skapast hættan á því að menn taki sér vald yfir sálum annarra. Mælikvarða hins góða, sanna og rétta getur aldrei verið að finna í viðhorfskönnunum. Dómari kveður upp dóma í nafni lýðveldisins og dæmir ekki af geðþótta. Eins er þetta með kirkjuna og hennar þjóna. Kennivaldi fylgir ábyrgð. Þetta tvennt þarf að haldast í hendur. Réttlætið, lögmál lífsins, siðgæði, samviska, sem býr í barmi sérhverrar manneskju, það þarf alltaf að hafa kennivald á bak við sig. Það er ekki eitthvað sem er háð geðþótta manns. Þegar þú sem dómari höfðar til réttlætis eða samvisku ertu að höfða til einhvers sem er þér æðra og getur jafnvel verið í andstöðu við almennt samsinni.

*Má segja að trúin standi í innsta kjarna mannskunnar? Og að maðurinn lifi í dýnamíkinni milli þess sem við ræddum áðan, þ.e. milli þeirra krafna sem lögmálið setur og þess sviðgríms sem náðin veitir?*

Já, en taktu eftir að það er einmitt að þessum kjarna mannskunnar sem



Karl Sigurbjörnsson, biskup, í predikunarstólnum.

Mynd úr safni Karls Sigurbjörnssonar

alræðisstjórnarfar ræðst gjarna, trúnni, hjónabandinu, fjölskyldunni o.s.frv. Það er t.d. gert með því að gera skoðanir, einstaklinga og lífsviðhorf hlægileg. Það er gert með samtalsstöðvun, með því að svipta þau viðhorf lögmæti sem reist eru á trú, hefðum og jafnvel reynslu. Guðsmyndin er orðin býsna dauf, óræð og útþynnt og mannskilningurinn þar með. Unnt er að tala um manninn sem „frumuklasa“ í kennslustund í líffræði en ekki þegar þú horfir í augun á ungbarni.

### Tortrygginn á samsæriskeningar

*Slíkt er væntanlega gert í einhverjum tilgangi? Hvaða öfl standa þar að baki?*

Ég er tortrygginn á allar samsæriskeningar, djúpríkið og þess háttar. En máttarvöld þessa heims birtast í margvíslegum myndum, og mannskjan einatt auðginn.

*Hvernig stendur kristin kirkja þetta af sér?*

Ef kirkjan heldur sig við aðalatriðin, þ.e. ef hún heldur sig við guðsþjónustuna, sakramentin, uppfræðslu í kristindóminum o.s.frv., þá lifir hún af. Ef hún hins vegar reynir að aðlaga sig hverjum einasta goluþyt þá lifir hún ekki af. Með sama hætti má segja að réttarkerfið getur ekki virkað til lengdar ef það höfðar bara til almenningsálits og skoðanakannana. Þá er enginn öruggur. Þá erum við ekki lengur jöfn fyrir lögunum. En fyrir Guði erum við öll jöfn, öll eilífs gildis og dýrmæt fyrir augum Guðs eins og við erum. Þessi guðsmynd og mannskilningur er grundvöllur þess besta sem okkar lýðræðis- og velferðarsamfélag hefur fram að færa.

*Hvernig er best að halda slíkri áminningu á lofti?*

Við byggjum mannlegt samfélag á því að höfða til heilbrigðrar samvisku og skynsemi manna. Uppeldi á að miða að því og það gerist í þessum margslungna vefnaði heimilis, fjöl-

skyldu, vina og skóla. Trúaruppeldi miðar að því að styrkja heilbrigða samvisku og heilbriggt siðvit, að þekkja muninn á réttu og röngu og velja hið rétta; þekkja muninn á góðu og illu og elska hið góða. Það er ekki hægt að ala barn upp í gildatómarúmi. Frelsi er ekki sólóklifur án björgunarlínu heldur miklu fremur einsonar hópíþrótt og krefst þjálfunar og góðrar aðstöðu og heilbrigðs liðsanda.

*Og hvernig mælirðu með að við færum þennan arf áfram til næstu kynslóða?*

Til dæmis með því að kenna börnunum sögurnar og söngvana sem tengjast hefðum og hátíðum. Það er þetta sem með einhverjum hætti markar þessar meginlínur, þessa stefnu sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið.

### Maðurinn hefur frjálstan vilja

*Í öllu þessu felst að við erum andlegar verur ekki satt, ekki bara bein og sínar, hormón og gen. Ég held að Sir Roger Scruton heimspekingur (1944-2020) hafi verið að vísa til einmitt þessarar andlegu víddar mannsins þegar hann sagði: „Vísindin vita ekki hvað maðurinn er“.*

Já, við erum andlegar verur, sköpuð í Guðs mynd. Í þeim mannskilningi eru líka fölginn fræ jafnréttishugsunarinnar. Það er vart að finna í öðrum trúarbrögðum. Þannig er byltingarafi innbyggð í kristindóminn. Sjáðu bara jólaguðspjallið og lofsöng Maríu. Þarna er leiðréttingarforrit, sem réttir kúrsinn, því við getum alltaf höfðað til samvisku manna. Það gerum við með því að minna á að maðurinn hefur frjálstan vilja og hefur á þeim grundvelli alltaf val. Við höfum ótal dæmi um að menn hafi risið upp gegn örlögum sínum. Ein áratúa nútímans er að smætta manninn og gera hann að dýri, en við megum aldrei missa sjónar á göfgi mannsins og því að maðurinn er skapaður í Guðs mynd. Guð metur mannlífið það mikils að Guð varð maður í mansbarni og valdalausum manni, Jesú. Hið makalausla við kristindóminn er þessi mannskilningur. Innbyggð í kristindóminn er virðing fyrir manneskjunni, ást á lífinu og jörðinni og raunsæi á manneðlið. Við geymum bæði gott og illt en eigum að þekkja muninn á réttu og röngu og velja hið rétta. En við eigum allt undir náð Guðs.





Grímunotkun setti svip sinn á Stórhátíð að þessu sinni.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

# Stórhátíð við afar óvenjulegar aðstæður

Stórhátíð Reglunnar er jafnan haldin sem næst vorjafndægum og var boðuð þann 19. mars 2020, fyrir starfsárið 2019–2020. COVID-19 faraldurinn barst hins vegar inn í íslenskt samfélag nokkru fyrr og stjórnvöld landsins brugðust við með afgerandi og skynsamlegum hætti, sem aftur leiddi m.a. til þess að yfirstjórn Reglunnar ákvað að fella niður öll fundahöld í stúkum innan hennar, hvaða nafni sem þau nefndust, frá og með 11. mars 2020. Niðurstaðan varð síðan sú að öllu starfi var frestað til haustsins.

Stórmeistari Reglunnar, Kristján Þórðarson, ásamt Æðsta ráði Reglunnar, ákvað síðan að hefja starfið á nýju starfsári (2020–2021) með Stórhátíð þann 6. ágúst og þátttaka var takmörkuð við 200. Mjög stuttan tíma tók að fylla þann kvóta. En þá hafði vágsturinn COVID-19, lifnað



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Hjörleifur Valsson leikur á fíðlu við bróðurmáltíðina.

við aftur og takmarkanir á samskiptum fólks auknar á ný. Fjöldi á hópsamkomum takmarkaður við 100

og fjarlægð milli einstaklinga bundin við tvo metra. Enn sér ekki fyrir endann á þessum faraldri.

Það var því krefjandi en því miður óskemmtilegt verkefni sem taka þurfti á til að gera fundinn mögulegan, það er að segja, fækka þurfti skráðum þátttakendum niður í 100. Nokkur fjöldi bræðra afturkallaði þó skráningu sína vegna smithættunnar sem auðvitað er umtalsverð við slíka fjöldasamkomu. Yfirstjórn Reglunnar hefur líka sent bræðrunum skýr skilaboð um að þeir eigi ekki að sækja fundi, m.a. ef þeir tilheyra áhættuhópum eða tengjast náið einhverjum sem eru í slíkum hópum. Þau tilmæli og önnur hafa verið kynnt ítrekað á heimasíðu Reglunnar og eru bræður hvattir til að fylgjast náið með upplýsingum sem þar eru birtar.

Fullyrða má að þessi fundur, og ekki síður veislufundurinn á eftir, hafi



Ljósmynd: Jón Svavarsson

*Nývígðir R&K á Stórhátíð. Á myndinni eru f.v. Guðmundur Guðmundsson MBR, Skúli Lýðsson, HMR, Þorsteinn G.A. Guðnason, nývígður R&K, Kristján Þórðarson, SMR, Róbert W. Jörgensen, Hákon Birgir Sigurjónsson og Guðmundur Már Stefánsson, nývígðir R&K.*



*Kristján Þórðarson SMR flytur ávarp við bróðurmáltíðina.*

Ljósmynd: Jón Svavarsson

verið einstakur í sögu frímúrara á Íslandi. Fundurinn tókst þó með ágætum. Allir bræður virtu sóttvarnarkröfur til hins ítrasta. Bræður báru andlitsgrímur á fundinum, þar sem m.a. var bannað að syngja eða snertast og við borðhald voru tveggja metra fjarlægðarmörk virt. Mikið hefur verið lagt á hóp siðameistaranna, en þeir leystu verkefnið af alúð og nákvæmni. Regluheimilið er stórt en þó ekki stærra en það að veislusalir, sem venjulega rúma liðlega 400 manns, rétt ná því að rúma 100 bræður með tilliti til fjarlægðarkröfunnar.

Eldhúsið var rífið niður í sumar og endurbyggt að öllu leyti. Tækin þar eru öll ný eða mjög nýleg og nýjar innréttingar. Kvöldverðurinn var fullkominn, sem er reyndar ekki nýmæli, en fjarlægð milli bræðra dró vissulega aðeins úr hátíðleikanum. Ekki var annað að sjá og heyra á þeim sem þátt tóku í fundinum og borðhaldinu, en að þeir hafi verið mjög ánægðir og sáttir með fundinn og borðhaldið, þegar þeir gengu glaðir út í hausthúmið.





Stólmeistarar Snorra frá upphafi. F.v.: Árni Gunnarsson, Haukur Óskarsson og Haukur Björnsson.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

# Rannsóknastúkan Snorri fagnar 10 ára afmæli

St. Jóh. Rannsóknastúkan SNORRI var stofnuð 9. apríl árið 2010.

Rannsóknastúka var nýlunda í starfi Frímúrarareglunnar hér á landi en á sér fyrirmyndir á hinum Norðurlöndunum og víðar í frímúrararheiminum. Það sem einkum greinir rannsóknastúkur frá hefðbundnum stúkum innan frímúrarareglu er að þar er skapaður vettvangur fyrir bræður til að rannsaka tiltekin frímúrerísk viðfangsefni og skila þeim í formi ritrýnds fyrirlestrar og umræðna á fundi í stúkunni. Yfirleitt tekur það bræður vikur, mánuði eða jafnvel misseri að

ljúka gerð slíkra erinda þannig að þau eiga sér umtalsverðan aðdraganda. Öll erindi sem flutt eru í stúkunni eru gefin út og eru aðgengileg á bókasöfnunum Reglunnar. Erindin sem flutt hafa verið í rannsóknastúkunni SNORRA eru nú orðin 31 talsins, flutt af 22 bræðrum, um hin margvíslegustu efni (sjá meðfylgjandi lista).

Rannsóknastúkan er landsstúka í þeim skilningi að umdæmi hennar er allt landið. Hefur stúkan haldið fundi á flestum stöðum þar sem frímúrarastúkur eru starfandi. Í stúkunni eru bræður hvorki teknir upp né framaðir.

Bræður sem hafa minnst III<sup>o</sup> geta gerst félagar í SNORRA til viðbótar við aðild sína að móðurstúku og eru félagar nú um 300 talsins.

Fyrsti Stólmeistari stúkunnar var Haukur Björnsson, þá Árni Gunnarsson og nú síðast Haukur Óskarsson sem settur var í embætti 18. september sl. Það stendur til að halda afmælisfund stúkunnar en vegna veirunnar hefur orðið að fresta honum tvívegis og ekki vitað á þessari stundu hvenær hann verður haldinn.

# Rannsóknareriindi flutt á fundum Snorra 2010-2020



## Jón Birgir Jónsson R&K

Upphaf og þróun frímúrarastarfs í Danmörku og fyrstu skref frímúrarastarfs á Íslandi

## Úlfar Guðmundsson R&K

Reglan og kristin trú

## Jóhann Heiðar Jóhannsson X°

Táknmál frímúrararæðanna

## Þórir Stephensen R&K

Jónsmessuhátíð frímúrara á Hornbjargi 1902

## Árni Leósson X°

Upphaf og þróun arfsagnarinnar á III°

## Jón Sigurðsson R&K

Carl XIII

## Jón Birgir Jónsson R&K

Frímúrarastarf á Íslandi á stríðstíma 1940-1945

## Jón Birgir Jónsson R&K

Sjálfstæðisbarátta íslenskra frímúrara

## Árni Gunnarsson IX°

Í leit að fögru mannlífi. Dyggðir og skyldur frímúrara í sögu-  
legu samhengi

## Jón Sigurðsson R&K

Kirkja hinnar helgu grafar

## Jón Birgir Jónsson R&K

Fyrstu ár frímúrarastarfs á Íslandi

## Stefán Arngrímsson VIII°

Musterisriddararnir; regla dulúðar og djörfungar

## Smári Ólason X°

Íslensk frímúraratónlist

## Jón Birgir Jónsson R&K

Frímúrarastarf á Íslandi 1919-1940

## Smári Ólason X°

Þróðir Wolfgang og tónlist hans fyrir Frímúrararegluna

## Jón Birgir Jónsson R&K

Fyrstu ár frímúrarastarfs á Ísafirði

## Árni Leósson X°

Ordo ab Chao

## Sverrir Örn Kaaber X°

Ludvig Emil Kaaber, frumkvöðull, athafnamaður og frímúrarari

## Jón Sigurðsson R&K

Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra, bankastjóri og forstjóri

## Bergur Jónsson X°

Þroskasaga Harpokratesar

## Símon Jón Jóhannsson VIII°

Hávamál frá sjónarhóli frímúrara

## Steinarr Kr. Ómarsson VIII°

Upphaf og þróun táknataflna frímúrara

## Guðmundur Kr. Tómasson R&K

Reglan og starfsstigin í ljósi þekkingar og reynslu fyrstu Kapitula-  
stíganna

## Stefán Einar Stefánsson VII°

Musteri Salomons og Frímúrarareglan

## Kristinn Ágúst Friðfinnsson X°

Rætur og hliðstæður; fyrirmyndir og hliðstæður í táknmyndum  
Platons

## Tryggvi Pálsson X°

Ásgeir Ásgeirsson; maðurinn og Stórmeistarinn

## Guðmundur R. Magnússon X°

Norðurljósaklúbburinn á Keflavíkurflugvelli 1948-2006

## Smári Ólason X°

Frímúraratónlist í 100 ár

## Kristján Björnsson R&K

Myndir trúarinnar og hlutverk vígðra þjóna

## Halldór Baldursson X°

Frímúrarastarf með setuliðinu 1940-1945

Erinidin eru öll aðgengileg á bókasöfnum Reglunnar.



## Röðull Selfossi – seinni hluti



Frímúrarahúsið við Hrísmýri á Selfossi

Ljósmynd: Röðull

# Frímúrarastarf Röðulsbræðra á Suðurlandi

St. Jóhannesarstúkan Röðull var stofnuð hinn 3. desember 1983 og er því 37 ára um þessar mundir. Við höldum fundi á hálfsmánaðarfresti, yfirleitt fimmtán til sautján fundir á ári. Við erum gjarnan með fjóra til sex upptökufundi, einn annarrar gráðu fund og tvo til þrjá þriðju gráðu fundi sem við höldum í stúkuhúsinu í Hafnarfirði, Ljósatröð. Í dag eru um 167 bræður í stúkunni. Leitast hefur verið við í hvívetna að starfið sé með þeim hætti sem Grundvallarlög Reglunnar segja til um. Haldnir eru reglulega fundir með embættismönnum og starfandi er bræðranefnd.

Stúkan hefur góða aðstöðu fyrir bókasafn sitt sem er vel skipulagt. Stúkan státar af verulega góðum bókmenntum til handa bræðrunum og telur safnið nú yfir 1.200 bækur, fræðsluefni og erindi. Tíu til ellefu bræður sjá um að halda bókasafninu gangandi og er það að jafnaði opið tvisvar í viku á starfstíma stúkunnar. Á laugardögum er húsið opið á milli tíu og tólf og er þá kaffi og dýrindis



Ljósmynd: Jón Svavarsson

SMR. Valur Valsson, klippir á borðann við vígslu stúkusalans að Hrísmýri með Stm. Röðuls, Örn Grétarsson, sér við hlið.

meðlæti í boði bræðrana. Undanfarið ár höfum við verið með starfandi ritnefnd sem er að byggja upp sögu stúkunnar, sögu sem verður gefin út innan fárra ára.

Systrakvöld hafa verið haldin, fyrst í húsinu í Hrísmýri en það varð fljótlega of þröngt og því brugðið á það ráð að halda Systrakvöld í veitingahúsum á Selfossi og nágrenni.

Einnig voru haldin Systrakvöld í Reykjavík og þá með öðrum stúkum. Meðal stúkna sem við vorum með í Reykjavík var stúkan Sindri frá Suðurnesjum. Þá kviknaði sú hugmynd að stúkurnar Röðull og Sindri myndu halda saman Systrakvöld og héldu stúkurnar þau saman í um 10 ár og þá til skiptis á Suðurnesjum og fyrir austan fjall. Mikil og góð kynni mynduðust milli stúknanna á þessum árum. Síðustu árin hafa Systrakvöld verið haldin í húsnæði stúkunnar að Hrísmýri þar sem með góðu móti geta verið 120 til 140 bræður og systur. Systrakvöldin eru yndislegur vettvangur fyrir bræðurna og systurnar að hittast og kynnast betur og njóta þess að eiga kvöldstund saman.

Við höldum jólafund í stúkuhúsinu og að afloknum fundi höfum við boðið systrunum að snæða með okkur hefðbundinn jólamat og tókumst síðan í hendur á leið okkar inn í jólahátíðina.

Um aldamótin síðustu var verulega farið að þrengja að bræðrum á fundum og talsverðar umræður urðu um að byggja nýtt húsnæði eða að byggja við stúkuhúsið að Hrísmýri 1. Bræður fóru að skissa upp hugmyndir er varð til þess að Stólmeistari stúkunnar, Örn Grétarsson, skipaði undirbúningsnefnd fyrir viðbyggingu við frímúrarahúsið að Hrísmýri þann 1. mars 2006 og skyldi hún skila skýrslu eigi síðar en 19. apríl 2006 sem og nefndin gerði. Á neðri hæð yrði borðsalur (samkomusalur) ásamt eldhúsi. Á efri hæð yrði stúkusalur og forsalur ásamt geymslu. Nýbyggingin skyldi tengd við núverandi hús með millibyggingu þar sem jafnframt yrði aðalinngangur í bæði húsin og stigi og lyfta upp á efri hæð. Í framhaldinu var skipuð byggingarnefnd og var Páll Guðni Egilsson skipaður formaður, bróðir Samúel Smári Hreggviðsson tók að sér að vera aðalhönnuður hússins og sá hann um aðaluppdrætti þess, auk burðarvirkja- og lagnauppdátta. Bróðir Einar Ársæll sá um raflagnauppdætti. Aðaluppdrættir voru samþykktir þann 12. nóvember 2006 og fyrsta skóflustungan var tekin þann 18. apríl 2007, strax eftir lokafund.

Einn úr bræðrahópnum tók að sér alla jarðvinnu og lagði með því ómælda vinnu og velvilja til verksins sem seint verður fullþakkað fyrir. Uppsteypu og frágang utanhúss sá verktakafyrirtækið Smíðandi um.



Vaskir bræður að loknum einum af mörgum vinnudögum. Alls komu 77 bræður með einum eða öðrum hætti að þessu verki.



Fyrirverandi Stólmeistarar við innsetningu Óskars G. Jónssonar í embætti. F.v.: Ómar Ásgeirsson 2014-2019, Örn Grétarsson 2005-2010, Óskar G. Jónsson 2019-, Úlfar Guðmundsson 2002-2010 og Guðmundur H. Eiríksson 2010-2014.





Ljós. Röðull



Ljós. Jón Svavarsson

Síðan voru fengnir verktakar meðal bræðra til að vinna ákveðna verkþætti, stór hluti vinnu innanhúss var unninn af bræðrum, sem og frágangur lóðar utanhúss. Bræður úr öðrum

stúkum lágu ekki á liði sínu við að hjálpa okkur. Má meðal annars nefna að einn bróðir gaf stúkunni allt efni og vinnu við loftræsikerfi hússins, annar gaf hellur, stöpla og fleira utandyra ásamt vinnu við að koma því fyrir. Sindrabræður voru okkur velviljaðir með húsgögn í borðsalinn og svo mætti lengi telja.

Laugardaginn 6. desember 2008, á 25 ára afmælisfundi Röðuls, vígði SMR Valur Valsson ásamt fylgdarliði, nýja stúkusalinn með siðbundnum hætti. Viðbyggingin er 277 fermetrar að grunnfleti og er á tveim hæðum. Á efri hæð nýbyggingarinnar er forsalur 61 fermetra og 130 fermetra stúkusalur sem er byggður þannig að hlutfall milli lengdar og breiddar er samkvæmt gullinsniði. Alls er húsnæði Röðuls í dag um 948,5 fermetrar. Við vígsluna mættu 210 bræður, víða komnir að, dagur sem seint gleymist í hugum Röðulsbræðra.

Á haustdögum 2013 viðraði Guðmundur Helgi Eiríksson, Stólmeistari stúkunnar, þá hugmynd að Röðulsbræður færu í hópferð á frímúrararfund út fyrir landsteinana. Fyrsta

ferðin var farin til Kaupmannahafnar, þar sem við heimsóttum St. Jóh.stúkuna Absalon, í nóvember 2014 og var Ómar Ásgeirsson þá orðinn Stólmeistari. Ferðin tókst vel í alla staði, er varð til þess að ákveðið var að stefna að ferð til útlanda á tveggja ára fresti. Næst var farið til Skotlands og Edinborg heimsótt þar sem við heimsóttum stúkuna St. James Operative Lodge No 97. Þriðja ferðin var síðan til Stokkhólms þar sem við heimsóttum St. Johannes logen St. Erik og í framhaldinu átti að heimsækja Osló, ferð sem verður farin þegar Covid faraldurinn hjaðnar.

Bræður í stúkunni hafa verið iðnir við að setja saman ljóð. Hér koma fyrstu tvö erindin af fimm eru voru flutt á Systrakvöldi. Ljóðið er eftir Hjört Pórarinsson.

Verið öll hér velkomin  
í vegleg salarkynni.

Mætið hér við matborðin  
menn með konu sinni.

Ykkur flutt er örstutt mál  
aðeins segi og skrifa:

„Bræður og systur, bergjum skál  
ég bið ykkur heil að lifa.“


Að loknu borðhaldi hvers fundar syngjum við bræðurnir lagið okkar, Röðul. Lagið samdi Sigfús Halldórsson, bróðir úr Gimli. Textinn er eftir bróður okkar, Brynleif H. Steingrímsson. Báðir eru þeir látnir.

Líf er duld og leyndardómur,  
líf er þrá um betri tíð,  
líf er sjá í austri óður,  
en vor sól í hjarta blíð.

Brautir lífs því bjartar rennum  
brautir fram í aðra dýrð,  
brauta nýrra nánd við kennum,  
nafni Guðs við erum skírð.

Röðull skýr nú rekka vekur,  
röðull fer um heiðið blátt,  
röðull vagni vina ekur,  
von um manna innstu sátt.

*Óskar Guðbjörn Jónsson, Stólmeistari Röðuls, tók saman, byggt á frumdrögum ritnefndar að 40 ára sögu stúkunnar.*



*Ingolf Petersen ungur í Washington.*

# Ég hef fundið mig í Reglunni

Ingolf Petersen í spjalli við Eirík Finn Greipsson

Á Þjóðhátíðardaginn þann 17. júní sl. fluttist einn af okkar ötulu bræðrum, Ingolf Jóns Petersen ásamt eiginkonu sinni, Sigrúnu Petersen, búferlum til Danmerkur. Í Danmörku búa einnig bæði börn þeirra hjóna. Tveim dögum fyrir brottförina hittust þeir bróðir Eiríkur Finnur Greipsson og bróðir Ingolf Petersen í kveðjuskyni yfir kaffibolla. Bróðir Eiríkur hafði áhuga á fá Ingolf til að segja í stórum dráttum frá lífshlaupi sínu og starfi innan Frímúrarareglunnar og skrásetja það. Ingolf er enda vel þekktur af bræðrum, bæði fyrir sitt reglustarf og einnig sem starfsmaður á skrifstofu Frímúrarareglunnar og var einnig sæmdur heiðursmerki Reglunnar.

Eftirfarandi er stuttur úrdráttur úr þessu samtali þeirra.

Ég er fæddur 30. mars 1940 í Kaupmannahöfn. Móðir mín var íslensk og faðir minn danskur. Í aprílmánuði 1940 réðust Þjóðverjar inn í Danmörku og Noreg og þar með voru

siglingar til Íslands úr sögunni í bili og varði það ástand til stríðsloka 8. maí 1945.

## Sjóferð til Íslands eftir stríð

Að stríðinu loknu fer m/s Esja til Danmerkur til að sækja þá sem þar höfðu verið innlyksa á stríðsárunum. Siglt var til Kristianssand syðst í Noregi og tekinn þar lóðs og siglt innan skerja út á Eyrarsundið til Kaupmannahafnar. Þetta mun hafa verið gert vegna hættu á tundurduflum. Þessi sama leið var svo farin á heimferðinni. Með í þessari fyrstu ferð til Íslands eftir stríð, í júlímánuði 1945, vorum við fjölskyldan. Tilgangurinn með Íslandsferðinni var eingöngu að sýna frumburðinn, mig, og bróður minn fjögurra mánaða gamlan, því það hafði enginn af íslensku fjölskyldunni verið viðstaddur brúðkaup foreldra minna nema móðuramma mín. Reyndar mátti pabbi ekki koma með í þessa ferð því hann var danskur. En á Íslandi, þar sem menn þekkj

menn, var því bjargað með því að munstra hann í áhöfn skipsins og afmunstra við komuna til Íslands.

## Sokkin skip innan skerja

Þar sem við liggjum á ytri höfninni í Kristianssand og ég stend, fimm ára gamall, út við borðstokkinn kemur líttill hraðbátur út að skipinu og þrjár manneskjur í bátinum. Það er farið að henda niður póstkortum með óskum um að þeim yrði komið áleiðis. En einnig kaffi og smjóri því kaffi var hvorki til í Danmörku né Noregi á stríðsárunum. Fólkið var svo þakklátt að það tók norska fánann af bátinum og rétti upp til okkar með þeim orðum að hann mætti yngsti maðurinn við borðstokkinn eiga, og það var ég. Á leiðinni, er við sigldum innan skerja sá ég fullt af möstrum standa upp úr sjónum, sem og stefni og skut sokkinna skipa og spurði pabba; af hverju er þetta svona? Hann svaraði; Norðmenn sökktu flestum skipum sínum svo nasistarnir gætu ekki not-



að þau, til dæmis til hugsanlegrar innrásar í Bretland.

Hér á Íslandi draup smjör af hverju strái, miðað við aðstæður í Danmörku á þessum tíma, og ég er sannfærður um að það var móðir mín sem talaði um fyrir föður mínum að hér skyldum við búa. Hann fór því út aftur, pakkaði búslóðinni og sendi hana hingað og hér bjuggu þau alla sína búskapartíð, en mamma deyr 1997 og pabbi 2007, þá 96 ára gamall.

### Skólaganga

Skólaganga mín hófst með tíma-kennslu hjá Sigríði Árnadóttur niður á Hverfisgötu og svo fer ég í barnaskóla Austurbæjar, er þar frá sjö ára upp í tólf ára bekk. Ég fékk ekki að fara í Gagnfræðaskóla Austurbæjar af því ég átti heima á Njálsgötu 4, sem var vestan við Frakkastíg, en þar voru skólaskil þannig að ég fékk ekki að vera með skólafélögum mínum. Því fór ég í gagnfræðadeild Miðbæjarskólans. Svo hittumst við gömlu félagarnir aftur í Vonastrætinu í Landsprófinu. Ég fór síðan í Menntaskólann í Reykjavík og einmitt í dag, 15. júní, eru 60 ár síðan ég útskrifaðist sem stúdent. Eftir stúdentspróf tók ég mér árs hlé frá námi og fór að vinna. Eftir það ákvað ég að fara í lyfjafræði. Í miðju námi tók ég mér frí í hálf ár og fór til Bandaríkjanna í eins konar skiptinemaprógramm. Á þessum árum var ég mjög virkur með skátunum og fyrir áeggjan vina minna þaðan sótti ég um þátttöku og varð fyrir valinu sem æskulýðsfulltrúi. Ég fór til Chicago þar sem prógrammið hófst með því að ég sótti fyrirlestra í félagsfræði og skyldum fræðum í University of Chicago, kynntist m.a. æskulýðsstarfsemi ásamt mörgu fleiru. Vegna bakgrunns míns sem skáti var ég sendur í skátabúðir þar sem ég dvaldi í 10 vikur og var það sem kallað var *Provisional Scoutmaster* og var með um 50 unga skáta frá Chicago á aldrinum 11-14 ára viku í senn, en nýr hópur kom vikulega. Í þessu starfi hafði ég með mér tvo aðstoðarmenn. Það þurfti ansi fjölbreytta athafnasemi til að hafa ofan af fyrir svona hópum og eru mörg eftirminnleg ævintýri tengd því. Þessu prógrammi lauk svo í Washington D.C. og þar var ég einmitt staddur 28. ágúst 1963, þegar frelsisganga blökkumanna (The March on Washington for Jobs and Freedom)

fór fram og varð ég vitni að því er Dr. Martin Luther King Jr. hélt sína frægu ræðu, „I have a dream“, við minnisvarða Lincolns. Þetta var mikil upplifun fyrir ljóshærðan dreng í ljósbláum fötum innan um hálf milljón blökkumanna.

Að þessu loknu átti ég farmiða heim með Loftleiðum en ákvað að selja miðann frá Washington til New York og keypti mér í staðinn miða með Greyhound áætlanarbílafyrirtækinu fyrir 99 dali, sem gilti í 99 daga. Með Greyhound fór ég síðan mikla ævintýraferð um þver Bandaríkin og til baka aftur og kom víða við enda voru aðeins sex dollarar eftir í vasanum þegar ég kom á flugvöllinn í New York á leiðinni heim til Íslands.

### Nám í lyfjafræði

Kominn heim lýk ég mínu námi hér og fer síðan út til Danmerkur, þar sem ég er í fjögur ár og lýk kandidatsprófi í lyfjafræði 1968. Á námsárum mínum og síðar starfaði ég í mörg ár sem fararstjóri á Mallorca, en einnig í haustferðum Gullfoss til Evrópu og í skíðaferðum Gullfoss til Ísafjarðar og Akureyrar og með Reginu Maris suður í Miðjarðarhafi, þannig að ég var nokkuð sigldur miðað við það sem þá gerðist.

Á starfsferli mínum sem lyfjafræðingur hef ég unnið sem sölumaður í lyfjum hjá lyfjaheildsölu, við lyfjaframleiðslu hjá Lyfjaverslun ríkisins, við rekstur eigin lyfjaverslunar, en lengst af, eða nærri aldarfjórðung, hjá stjórnsýslunni þar sem ég lauk starfsferlinum hjá heilbrigðisráðuneytinu árið 2011. Þannig hef ég prófað öll svið lyfjafræðinnar nema kennslu. Eftir að ég lauk störfum var ég laus og liðugur í smá tíma uns ég hóf störf hér á skrifstofu Frímúrarareglunnar og tók við af Einari Einarsyni þegar hann hætti störfum.

### Reglustarf

Ég hlaut inngöngu í Frímúrararegluna 1973 í stúkuna Eddu. Meðmælendur mínir voru faðir minn, Borge Gerhard Petersen, og Sigmundur Guðmundsson. Frímúrararganga mín var um flest hefðbundin og hef ég sinnt þeim verkefnum sem mér hafa verið falin, eins og bræðrum ber að gera. Þannig hef ég gegnt mörgum embættum í Helgafelli og var Stólmeistari þeirrar stúku í sjö ár

Ég hef löngum sagt að innganga

mín í Regluna hafi verið rökrétt framhald skátastarfsins. Báðar þessar hreyfingar hafa mannrækt að leiðarljósi, hvor með sínum hætti. Skátahreyfingin höfðar til ungs fólks með útivist og hreyfingu að markmiði, en undirliggjandi er mannræktin, að gera gott, vera hjálpsamur, trúa á Guð, segja satt og leitast við að vera góð manneskja. Frímúrarareglan hefur þetta allt að geyma einnig, en tekur þetta lengra, dýpra og herra. Við bræðurnir eigum að beina sjónum inn á við, skoða okkar innri mann, fella í bresti hjartans, leitast við að verða betri menn og góð fyrirmynd annarra. Enda hefur Frímúrarareglan mannrækt að markmiði og byggir starfsemi sína á kristnum grundvelli.

Ég hef fundið mig í Reglunni og líkað við þann undirtón er felst í hinum mismunandi stigum hennar, sem líkja má við skóla, er hefur það háleita markmið að gera okkur að betri mönnum.

Kveðjuorð Baden Powell, stofnanda skátahreyfingarinnar, til skáta voru þá leið, að hann vonaðist til að yfirgefa þennan heim, örllítið betri en hann var, er hann kom í hann. Það er vissulega háleitt markmið, trauðla framkvæmanlegt, en við reynum.

Það var gæfuspor að fá að vinna á skrifstofu Reglunnar, ekki bara jók það skilning minn á tilgangi Reglunnar og markmiði, heldur einnig þá ánægju er ég hafði af heimsóknnum fjölmargra bræðra, er vanhagaði um eitthvað eða leituðu nánari upplýsinga um ýmislegt er starfið varðaði. Marga hef ég hvatt til dáða til að kynna sér nánar starfið með lestri ýmissa rita, sem er að finna í bókasafni Reglunnar.

Reglustarfið, þegar upp er staðið, er væntanlega það sem ég mun sjá mest eftir nú þegar ég hverf á braut.

Mig langar að ljúka þessu spjalli með að segja frá því að í morgun fór ég í Norska sendiráðið. Þar hitti ég „ambassadörinn“, afhenti honum fánann góða, ásamt prentaðri sögu hans, og sagði: Pennan fána hef ég varðveitt í sjötíu og fimm ár og skila honum aftur með orðunum: Þökk fyrir samfylgdina.

Það verða einnig kveðjuorð mín til ykkar, bræður mínir.

Það fyrsta sem **Marilyn Monroe** leikkona tók eftir þegar hún hitti **Arthur Miller** rithöfund, voru **gleraugun!**



Langar þig í ný gleraugu?

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind | Sími 517 0317 | [www.plusminus.is](http://www.plusminus.is)



# Gott samfélag byggir á traustum grunni og réttum hornsteinum

Frímúrarastarf miðar að því að styrkja líf og ljós

Hverjar eru forsendur þess að samfélag manna geti fætt af sér og fóstað dugandi og stórhuga einstaklinga? Hvaða menningarlegi, trúarlegi og vitsmunalegi grundvöllur þarf að vera til staðar svo að til verði miklir listamenn, andlegir leiðtogar og fræðimenn? Er fegurðarþráin sprottin úr jarðvegi hörmunga og ástarljóðin sprottin af hjartasorg?

Greinin sem hér birtist hefur að geyma almennar hugleiðingar um þessi efni, sem vöknudu hjá höfundi á ferð um Öxnadal í Hörgársveit, því þar hafa þrátt fyrir harðbýlið vaxið upp sögufræg stórmenni andans. Greininni er ætlað að minna á að mótbyr getur verið styrkjandi og að frímúrum ber, m.a. í anda heilags Frans frá Assisí, að hafa þrek og kjark til að færa „kærleika þar sem hatur er, fyrirgefningu þar sem særindi eru, einingu þar sem sundrung er, trú þar sem efi er, von þar sem ör vænting er, huggun þar sem harmur er, ljós þar sem myrkur er.“ (Fríðar-bæn).

## Skipulagt frímúrarastarf í kjölfar umróts og átaka

Skipulagt frímúrarastarf í nútíma-búningi rekur sína formlegu rót til stofnunar ensku Stórstúkunnar í Lundúnum árið 1717. Um þennan viðburð gildir það sama og um aðra sögulega atburði, þ.e. skoða þarf atvikin í ljósi umhverfis og aðstæðna. Mikill og langvinnur ófriður ríkti á Englandi á 17. öld. Þar geisaði borgarastríð árið 1642, sem lauk með því að Oliver Cromwell komst til valda en konungurinn, Karl I. var líflátinn. Stjórnarár Cromwells einkenndust af slíkri hörku, að landsmenn kölluðu erfða-prinsinn, Karl II., aftur heim til að taka við konungsembættinu árið 1660. Einveldistímanum lauk þó ekki formlega í Englandi fyrr en árið 1688, þegar James II. var hrakinn frá völdum. Í kjölfarið tók við valdatímabil konungshjónanna Maríu og Vilhjálms



Samsett ljósmynd: Guðmundur Viðarsson.

frá Óraníu, þar sem umburðarlyndi í trúmálum jókst smám saman. Í stuttu máli einkenndist 17. öldin af pólitísku og trúarlegu umróti, þar sem alið var á vantrausti, óvild og hatri í garð stjórnmalahreyfinga og trúarhópa. Vægðarleysið sem beitt var í borgarastríðinu og á stjórnarárum Cromwells vakti hjá mönnum þrá eftir annars konar lífi. Úr mannkyns-sögunni þekkjum við mörg dæmi um það hvernig dvöl manna í myrkri verður þeim hvatning í leitinni að ljósi. Þannig minnst ég þess að hafa einhvers staðar séð Sigurð Nordal halda því fram á prenti að finna mætti örugg dæmi þess að þeir sem rituðu fornsögurnar hefðu sjálfir staðið í háska og stórræðum.

## Stúkan sem hlutlaus vettvangur

Í því skyni að sá fræjum til vinsamlegra og umburðarlyndara samfélags sameinuðust menn um þá hugmynd að skapa rými þar sem menn úr ólíkum fylkingum gætu hist á hlutlausum vettvangi í friði og vinsemd. Forsenda þess að slíkt félag væri í

raun hlutlaus umgjörð er sú að frjáls skoðanaskipti væru leyfð og andstæðum skoðunum mætt af umburðarlyndi. Frímúrarastúkan í Englandi var stofnuð í þessum tilgangi. Henni var ætlað að vera sameinandi og uppbyggilegt afl í þjóðfélagi sundrunar og hörmunga. Styrkur til að halda úti slíku starfi var sóttur á sameiginlegan grundvöll. Í stað sértrúarstefnu sameinuðust menn í trú á Guð og iðkun klassískra dyggða þar sem kærleikur, miskunnsemi og sannleiksleit voru í öndvegi.

Þótt nútíamenn séu margir, e.t.v. flestir, orðnir ólæsir á myndlíkingar og dæmisögur, voru fyrri tíðar menn betur settir að þessu leyti. Launsagnir og táknfræði voru frá öröfi nýtt í kennslu, til leiðbeiningar og andlegrar uppfræðslu. Þar sem markmið frímúrarastarfs var að gera góða menn betri var ekki langsótt að sækja myndlíkingu til byggingar musteris, þar sem hver og einn maður gæti litið á sjálfan sig sem „lifandi stein“ í byggingu trausts og góðs samfélags.

## Umburðarlyndi í framkvæmd

Eru þessar kenningar um uppruna frímúrarastarfs langsóttar? Þær eru a.m.k. ekki langsóttari en svo að skráðar heimildir staðfesta að innan ensku stórstúkunnar komu saman menn sem fylgt höfðu ólíkum fylkingum að málum í þeim átökum sem geisad höfðu á umliðnum árum. Sem dæmi má nefna að fyrsta staðfesta heimildin um vígslu frímúrara á Englandi varðar Elias Ashmole fornfræðing (sem gaf Oxford háskólanum grunninn að Ashmole safninu) er vígðist árið 1642 ásamt Henry Mainwaring ofursta, en þeir stóðu sinn hvorum megin í hinum trúarlegu og pólitísku átökum sem þá stóðu sem hæst. Erfitt er að ímynda sér sterkari vitnisburð um umburðarlyndi í framkvæmd. Fleiri dæmi má nefna úr sögunni sem benda í sömu átt, sbr. það að kaþólikkar og mótmælendur stýrðu frímúrarastúkum til skiptis í Englandi um 1770.

### Hið skærasta ljós ...

Ártalið 1717 verður samkvæmt öllu framanskráðu að skoða í samhengi þess sem á undan hafði gengið. Þar skiptir ekki litlu máli að árið 1715 hafði uppreisn Jakobína gegn Georgi I. þáverandi Englandskonungi misheppnast og þar með runnu út í sandinn þær fyrirætlanir þeirra að endurleisa einveldisstjórnarfar í stað þingbundinnar stjórnar. Þegar þessum áfanga var náð voru forsendur tjáningarfrelsis tryggðar og samviskufrelsið sömuleiðis. Við þær aðstæður var ekki nauðsynlegt að frímúrarar leyndu starfi sínu lengur. Skuldbinding frímúrara við sannleiksleit, frjóa hugsun og frelsi einstaklingsins (bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti) laðaði marga fremstu vísindamenn, rithöfunda og listamenn samtímans að stúkustarfinu. Í því samhengi nægir að nefna menn á borð við Sir Joseph Banks, Alexander Pope og Jonathan Swift. Eftir því sem raunvísindin sönnuðu betur gildi sitt lögðu menn stöðugt meira traust á það sem var mælanlegt með vísindalegri aðferð. Ein afleiðingin var sú að hinn andlegi þáttur tilverunnar hvarf í skuggann. Í stað þess að lifa samtímis eða jafnvel aðallega í innri heimi litaðist tilvist mannsins stöðugt meir af því sem blasir við í hinum ytri heimi. Öld efn-



ishyggjunnar var runnin upp. Með hliðsjón af þessum tímasetningum hefur þeirri kenningu verið haldið á lofti að það hafi ekki verið tilviljun að frímúrarastarf spratt fram á sjónarsviðið einmitt á þessum tíma. Markmið starfsins hafi verið – og sé enn – að vernda og viðhalda loga andlegs ljóss á þeim öldum efnishyggju sem í hönd fóru.

### Til uppbyggingar en ekki niðurrifs

George Washington var vígður í Frímúrararegluna 1752. Síðar meir átti hann ásamt Benjamin Franklin, Thomas Jefferson, Thomas Paine, John Marshall og fleiri frímúrurum þátt í því að leggja grundvöll að nýrri tegund stjórnarfars, nýrri stjórnskipan sem legði rækt við efnahagslegar framfarir og einstaklingsfrelsi. Þrátt fyrir vel þekkta aðkomu frímúrara að sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna stóð Reglan sem slík utan við flokkspólitísk átök og fékk engan slíkan stimpil á sig. Öðru máli gegndi um afleiðingar frönsku byltingarinnar 1789. Upphaflega gætti ákveðinnar samúðar með byltingarmönnum í Frakklandi sem börðust gegn oki einveldis og vildu koma á nýrri stjórnskipun þar sem konungsvaldið svaraði til ábyrgðar gagnvart þinginu og fremstu valdhafar væru lýðræðislega kosnir. Þegar byltingin umbreyttist í nýja tegund ógnarstjórnar fylltust

menn andúð á hræsni þeirra sem fröndu illvirki í nafni „Frelsis, jafnréttis og bræðralags“. Vegna líkinda þessara slagorða við þær hugmyndir sem frímúrarar reisa starf sitt á reyndu margir að kenna Reglunni um ofbeldið sem fylgdi í kjölfar frönsku byltingarinnar. Þar sem enska Frímúrarareglan hafði frá árinu 1782 lotið stjórn konungborinna manna féllu slíkar ásakanir flatar enda Reglan auðsjáanlega ekki á nokkurn hátt málsvari niðurrifsaflla, heldur miðar hún þvert á móti að því að efla styrk manna og visku, hvetja til miskunnsemi og náungakærleika, verja sakleysið og standa vörð um sannleikann.

### Dyggðir í framkvæmd

Frímúrarareglan sannar gildi sitt hverjum þeim sem sækir þar fundi og færir mönnum stöðuga áminningu um hvernig þeim beri að lifa góðu lífi, m.ö.o. hvernig beri að marka rétta braut í lífinu og halda rétttri stefnu. Til að það megi takast þarf maðurinn ekki aðeins að kunna að greina rétt frá röngu, heldur einnig að búa yfir visku til að skilja afleiðingar þess sem er gert og styrk/hugrekki til að benda öðrum á afleiðingarnar.

Ekki þarf að rýna lengi í sögu frímúrarastarfs til að finna nöfn manna sem ekki litu á framanritaðar skuldbindingar sem orðin tóm. Af handahófi má nefna Henri Dunant (1828-





Ljósmynd. Guðmundur Viðarsson

1919) sem skipulagði bráðalækningaþjónustu á vígvellinum í orrustunni um Solferino á Norður-Ítalíu 1859 og undirbjó í framhaldinu ráðstefnu þar sem grundvöllurinn var lagður að fyrsta Genfarsáttmálanum 1864 um meðferð slasaðra og sjúkra hermanna á vígvellinum, en þekktastur er Dunant þó fyrir að hafa stofnað Rauða krossinn 1863. Clara Barton (1821-1912) hélt starfi Dunants áfram í Bandaríkjunum og kom Rauða krossinum á fót þar í landi. Clara Barton var meðlimur í The Order of the Eastern Star, sem er einn angi frímúrarastarfs í Bandaríkjunum fyrir konur. Belgíski frímúrarinn Ernest Nys (1851-1920) átti stóran þátt í tilurð þjóðréttarreglna um mannúðlega meðferð stríðsfanga. Bandaríski iðnfrömuðurinn Andrew Mellon (1855-1937) var einnig frímúrarari og lét stóran hluta auðæfa sinna renna til mennta- og góðgerðarmála. Sjóðir þessir eru enn starfandi sem og listasafnið sem geymir persónulegt safn Mellons, American National Gallery of Art í Washington. Hugsjónum frímúrarara í þessum efnunum kynntust Íslendingar af eigin raun eftir síðari heimsstyrjöld þegar þeir nutu góðs af úthlutun úr uppbyggingarsjóðum Marshall áætlunarinnar, en höfundar hennar voru Harry Truman bandaríkjaforseti og George C. Marshall hershöfðingi, sem báðir

voru frímúrarar. Markmið áætlunarinnar var að flýta fyrir uppbyggingarstarfi eftir stríðið og stuðla þannig að varanlegum friði.

### Áhrif frímúrarafraeða á íslenskt samfélag?

Úr liðlega 100 ára sögu íslensks frímúrarastarfs mætti tilgreina nöfn margra mætra manna sem áttu þátt í að reisa Ísland úr öskustó fátæktar og einangrunar á 20. öld, þar sem einstaklingsframtak, dugnaður og ábyrgð áttu ríkastan þátt í því að byggja hér upp innviði, þekkingu, atvinnu og félagsauð sem Íslendingar nútímans njóta enn góðs af. Í því samhengi má taka fram að rekja mætti þræði frímúrarahugsunar til Íslands fyrri alda og jafnvel færa rök fyrir því að hún hafi borið hér ávöxt. Enska sálmaskáldið og frímúrarinn Alexander Pope (1688-1744), sem fyrr var nefnt, vakti auðsjáanlega slíkan áhuga séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá (1744-1819) að Jón þýddi í sínum fátæklegu húsakynnum, við glugga sem var ekki tvö ferfet, m.a. hið mikla kvæði „Tilraun um manninn“ (e. Essay on Man) eftir Pope. Í ferðabók merks gáfumanns, Ebenezer Henderson (1784-1858), er fundi þeirra Jóns Þorlákssonar nákvæmlega lýst og talað um Jón sem hið „nafnfræga þjóðskáld“ og andlegan afreksmann. Henderson fer á sama stað fögrum orðum um aðstoðarprest séra Jóns, Hallgrím Þorsteinsson (1776-1816), og þá ekki síður konu Hallgríms, Rannveigu Jónasdóttur, en Henderson gefur þeim hjónum þá einkunn að þau hafi verið „sannkristin“, „gagntekin af djúpum guðræknisanda“, „alvörugefin og yfirlætislaus“ auk þess sem hann hrósar hreinlæti og heimilisbrag hjá þeim. Milli Jóns á Bægisá og ástsælasta þjóðskálds Íslendinga fyrr og síðar er bein tenging því Jónas Hallgrímsson (1807-1845) var sonur hjónanna á Steinsstöðum sem Henderson lýsti svo fallega. Miðað við þá andakt sem kom yfir Henderson í návist skáldsins á Bægisá er auðvelt að sjá fyrir sér hvílik áhrif Jón Þorláksson hlýtur að hafa haft á hinn unga Jónas og skáldmennt hans. Vafalaust er að ljóðabók Jóns á Bægisá, sem prentuð var í Kaupmannahöfn árið 1842, hefur farið um hendur „ástmögurs þjóðarinnar“ sem í ljóðum sínum og lífi leitaði hins sanna, góða og fagra, sbr. ljóðmæli

hans um kærleika (Ferðalok) og fegurð (Vorvísá), trú og tilgang (Íslands minni), hugrekki og drengskap (Gunnarshólmi), stórhug og vinnusemi (Alþing hið nýja), fegurð og fórnfýsi (Móðurást), líf og reisn (Á nýársdag 1845), frelsi og sjálfstæði (Ísland). Þannig má segja að Jónas hafi orðið fyrir beinum áhrifum frá hugsun „Alexanders Pópa“ og starfað í anda þeirra orða sem skreyttu fyrstu blaðsíðu áður nefndrar ljóðabókar skáldsins frá Bægisá: „Lær maður! Sjálfan þig að þekkja og þennan heim, þekking og elsku guðs ei gleym!“ Við þessa sögu er því að bæta að Henderson mun hafa komið því til leiðar að Jón Þorláksson hlaut 50 sterlingspunda styrk frá Englandi sem virðingartoll og til þess að koma mætti þýðingu hans á Paradisarmissi Miltons á prent, svo sem gert var í Kaupmannahöfn árið 1828, en Englendingur að nafni John Heath kostaði þá útgáfu og gaf hana Bókmenntafélaginu.

### Samantekt

Í stuttu máli má segja að frímúrarastarf miði að því að umbreyta mönnum – og samfélögum – til aukinnar meðvitundar um ábyrgð einstaklingsins. Þegar jákvæð umbreyting verður á viðhorfi sérhvers manns gagnvart lífi sínu og dauða, gagnvart mikilvægi þess að öðlast og halda siðferðilegri reisn og um ábyrgð sína gagnvart samfélagi sínu, umhverfi sínu og síðast, en alls ekki síst, ábyrgð sína gagnvart Guði og því sem eilífðargildi hefur, geta stórkostlegar framfarir orðið á öllum sviðum. Saga frímúrarastarfs í heild sinni og saga þjóðfélaga sem notið hafa góðs af slíku starfi er þó fyrst og síðast saga einstaklinga sem fundið hafa hjá sér styrk til þess að rísa yfir hversdaginn í þeim tilgangi að bæta heiminn með vinnusemi, gleði, þrautseigju, árangri, farsæld og visku. Kraft til slíkra afreka, bæði smárra og stórra, hafa slíkir menn fundið með því að eignast ötula viðleitni og samviskusemi þess manns sem veit að hann getur ekki sagt öðrum fyrir verkum í þeim efnunum fyrr en hann hefur sjálfur náð áþreifanlegum árangri á vegi ljóssins. Þar sem slíkt fólk er að finna „þar er líf í landi og ljóshæfur andi“. (Jónas Hallgrímsson, Heima).

Arnar Þór Jónsson


# Fjölbreytt úrval af brúðartertum

-allt að ykkar óskum

Bernhöftsbakarí er með 185 ára reynslu af að baka fyrir landsmenn.

Brúðartertturnar hjá okkur eru engu líkar, þær eru eingöngu lagaðar úr besta fáanlega hráefni sem völ er á. Þið getið treyst gæðunum og þjónustunni hjá Bernhöftsbakarí.

Pantið viðtal við Konditormeistarann okkar til að fá nánari upplýsingar.



Sími 551 3083  
info@bernhoftsbakari.is  
Klapparstíg 3, 101 Reykjavík





Jóhannesarsalurinn í Osló eftir breytingarnar á ljósabúnaði.

Ljós. Espen Sturlason Frimurerbladet DNFO

# Augljós vinarvottur

Klukkan slær þrjú í Osló miðvikudaginn 22. júlí 2020. Sendill knýr dyra á regluheimili norsku Frímúrara-reglunnar. Bræður sem á staðnum eru veita viðtöku torkennilegum viðarkassa og á honum er lítið annað að finna en handskrifaða áletrun með heimilisfanginu þar sem hann er nú lentur.

Þegar kassanum er lokið upp kemur hins vegar í ljós hvað þarna er á ferðinni. Vinarvottur frá frímúrara-bræðrum á Íslandi sem sendur hafði verið af stað yfir hafði með hraði degi

fyrir. Kassinn góði er smíði Snorra Magnússonar, SM Frímúrara-reglunnar á Íslandi. En það er innihaldið sem meiri forvitni vekur. Að baki því liggja mikil heilabrot og fagþekking margra manna, bæði innan Reglunnar og utan.

## Langur aðdragandi

Þarna er komin gjöf Frímúrara-reglunnar á Íslandi til systurreglunnar í Noregi. Sagan að baki gjöfinni teygir sig aftur til ársins 2012 þegar íslenskir reglubræður bjuggu sig undir að fagna stórafmælum allra St.

Jóh.st. í Reykjavík. Þau bar upp á mismunandi dagsetningar á árunum 2012 til 2014.

Tímamótanna sameiginlegu var minnst með mikilli fjársöfnun sem hafði það að markmiði að endurnýja Jóhannesarsalinn í Regluheimilinu í Reykjavík. Var þá orðið ljóst að ráðast yrði í miklar endurbætur á þessum hluta hússins sem hýst hefur starfsemi Reglunnar í u.þ.b. sjö áratugi. Var salurinn allur betrubættur sumarið og haustið 2013. Meðal þess sem fært var til nútímahorfs var ljósastryng rýmisins. Sem liður í



**EIRVÍK**



Töfrar eldamenskunnar byrja með Eirvík

Suðurlandsbraut 20 / 108 Reykjavík / 588 0200 / eirvik.is.







*Augað á ýmsum stigum smíðinnar.*

undirbúningi að þeirri vinnu héldu bræðurnir Aðalsteinn V. Júlíusson, Finnur Tómasson, Guðmundur Kr. Tómasson og Halldór Guðmundsson alla leið til Sandefjord í Noregi en þar hafði verið komið upp nýjustu gerð ljósastýringar. Var áhugi á að fara svipaða leið og þar hafði komið vel út.

Niðurstaða könnunarleiðangursins var sú að fjárfesta í sama búnaði og hafði Ragnar Tollefsen, þáverandi HSM norsku Reglunnar, milligöngu um kaup á búnaðnum en hann hafði hitt bræðurna fjóra frá Íslandi í heim-sókninni til Sandefjord. Bauðst hann einnig til að útvega nýjan ljósabúnað framan við altari salarins. Ekki varð úr að Reglan keypti þann búnað einnig og þess í stað leituðu bræðurnir sérsníðinnar lausnar til að lýsa upp eldra tákni sem á altarinu er, auga sem fellt er inn í gyllta þríhyrninga sem

hvíla hvor ofan á öðrum, sem aftur hvíla á margarma geislum sem ganga hringinn í kring út frá táknuinu sem ofar liggur. Er táknið hönnun bróður Gunnars G. Einarssonar, en hann hefur á undanförunum áratugum komið að hönnun og smíði margra dýrgripa sem prýða húsnæði Reglunnar í Reykjavík og úti á landsbyggðinni.

Féll það í skaut Finns Tómassonar að útfæra baklýsingu við geislana. Stóð vilji hans einnig til þess að lýsa mætti upp augað sjálft en það reyndist ógjörningur þar sem það var ekki úr gagnsæju efni.

#### **Hátíðleg umgjörð**

Lauk framkvæmdum og var almennt ánægja meðal bræðranna með breytingarnar. Þótti hin nýja lýsing salarins m.a. gera fundahaldið hátíðarlegra og áhrifameira en áður var

mögulegt þegar stuðst var við fábrotnari tækni.

Leið nú tíminn en þau tíðindi bárust frá Noregi haustið 2018 að Ragnar Tollefsen, sem hafði af elskusemi aðstoðað bræðurna íslensku með ljósabúnaðinn góða, hefði verið kjörinn STM norsku Reglunnar af æðsta ráði hennar og var hann settur inn í embættið við hátíðlega athöfn þann 29. nóvember það ár. Kom hann til Íslands í embættiserindum í kjölfarið og hreifst þá mjög af þeim breytingum sem ráðist hafði verið í á Jóhannesarsalnum í Reykjavík.

Síðastliðið sumar var komið að endurnýjun Jóhannesarsalarins í Osló. Lutu endurbæturnar í meginatriðum að sömu atriðum og bræðurnir hér heima stóðu frammi fyrir í sínum framkvæmdum. Í tengslum við verk-ið leitaði bróðir Ragnar til Reglunnar



Ljós. Einar Thorlacius

*Jón Bergur mundar sprautuna á verkstæði sínu.*

hér heima og stóð vilji hans til þess að Jóhannesarsalurinn í Osló yrði búinn samskonar tákni og prýtt hefur altarið í salnum hér heima, auk ljósabúnaðar sem komið var fyrir í tengslum við endurbæturnar 2013.

Parna gafst tækifæri til þess að endurgjalda greiðann góða frá því í Sandefjord nokkrum árum fyrr. En bræðrunum var nokkur vandi á höndum. Þótt endurbæturnar hafi komið vel út í framkvæmdunum í Reykjavík, hafði ekki reynst nauðsynlegt að smíða táknið frá grunni líkt og nú yrði að gera. Voru góð ráð dýr og fór því Einar Thorlacius, MvR, á stúfana og kannaði hvort mótin að táknum, bæði auganu og þríhyrningunum, væru til í förum Reglunnar. Sannaðist þá að oft getur reynst gott að varðveita það sem gamalt er og hafði Minjasafn Reglunnar varðveitt mótin að táknum.

Kom það sér afar vel þótt nú hafi

verið ákveðið að gera tilraun með hugmynd bróður Finns og steypa nýtt auga sem leiða mætti ljósgeisla í gegnum, ólíkt auganu sem prýðir salinn í Reykjavík. Mælist bróður Einari svo um þá tilraun:

„Fór ég því með þríhyrninginn til bróður okkar, Jóns Bergs Hilmissonar, sem er bílamálari og á og rekur Lakkhúsið, og bjó hann til mót og steypum við prufustykki. Vorum við að endingu ekki alveg sáttir við útkomuna.“

### Leituðu á nýjar slóðir

Lögðu þeir félagar nú höfuðið í bleyti og að því er virtist af tilviljun kom upp nafn Helga Guðmundssonar, bifreiðasmiðs sem ekki er frímúrari en hefur starfað á vettvangi Oddfell-owreglunnar. Töldu Einar og Jón Bergur að Helgi, sem á og rekur fyrirtækið Formverk, gæti leyst verkið vel á hendi með móti úr sílíkonu. Fékk Einar Helga til þess að reyna sig á verkefninu.

„Mót var búið til en sílíkonuð vildi ekki harðna,“ segir Einar og bætir við: „Kom í ljós að það var orðið of gamalt. Vorum við nú að falla á tíma og óttuðumst að við næðum ekki að ljúka verkinu.“

Var í snarhasti skotist í verslun og nýtt sílíkon fært í hús og reyndist táknið mikil listasmíð. Vildi Helgi enga greiðslu þiggja fyrir aðstoðina aðra en gleðina sem hann fullyrti að hann hefði haft að sinni aðkomu.

Jón Bergur tók nú til við að lakka stjörnunna, bróðir Matthías Jóhannsson, SvR, málaði augasteininn, bróðir Aron Elfar Árnason slípaði geislana til og smíðaði festingar fyrir uppsetningu og bróðir Finnur útbjó beina og óbeina lýsingu sem passaði aftan á táknið og gerði það m.a. með efni sem Hermann Auðunsson útvegaði.

Nú lýsir augað með geislum sínum út Jóhannesarsalinn í Osló. Gleður þessi listasmíð auga þeirra sem fundi sækja í salnum og ánægjulegt er fyrir norska bræður og íslenska að vita að þessi tvö tákni, lík sem þau eru, eiga uppruna sinn á Íslandi og að bræður beggja landa hafa lagt sinn drjúga skerf til þess að salirnir tveir eru jafn glæsilegir og hátíðlegir og raun ber vitni.

*Stefán Einar Stefánsson*



Ljós. Einar Thorlacius

*Snorri Magnússon smíðaði forlata kassa undir gripinn.*





Ljósmynd Magnús Ólafsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Bronsafsteypa af sjálfsmynd Bertels Thorvaldsen var afhjúpuð með viðhöfn á Austurvelli á afmælisdegi myndhöggvarans 1875. Kaupmannahafnarborg gaf íslensku þjóðinni verkið í tilefni þúsund ára byggðar á Íslandi 1874. Styttan stendur nú í Hljómskálagarðinum.

# 250 ár frá fæðingu Bertels Thorvaldsen

Í ár er þess minnst að 250 ár eru liðin frá því að myndhöggvarinn Bertel Thorvaldsen fæddist. Safn hans við hlið Kristjánsborgarhallar í Kaup-

mannahöfn efnir til sérstakrar dag-skrár og sama gerir Listasafn Íslands í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og sendiráð

Dana á Íslandi. Með hátíðardagskrán-um er kórónuveirunni storkað mátu-lega.

Pegar danskir reglubræður telja upp fræga frímúrara nefna þeir iðulega landa sinn Bertel Thorvaldsen. Sama gera íslenskir bræður enda á listamaðurinn ættir að rekja til Íslands. Ítalir eigna sér hann einnig, slíkur risi var hann á listasviðinu, einn af fremstu fulltrúum nýklassíska stílsins, en hann bjó og starfaði lengst af í Rómaborg; þar komst hann fyrst í kynni við Frímúrararegluna. Munu götur nefndar eftir honum í Róm, Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Bertel er álitinn fæddur 19. nóvember árið 1770. Samkvæmt því var hann jafnaldri Beethovens. Faðir hans var Gottskálk Þorvaldsson, prestssonur frá Reynisstað í Skagafríði, móðir hans Karen Dagnes frá Jótlandi, dóttir djákna og organista. Gottskálk vann við tréskurð í Kaupmannahöfn og skar m.a. út stafnskraut á dönsk skip. Sonur hans hefur ekki átt langt að sækja áhugann, ef ekki listfengið og hæfileikana.

Í þessum stutta samtíningi verður ferli listamannsins ekki gerð nein ítarleg skil, hann braust til æðstu metorða í list sinni þrátt fyrir kröpp kjör og ýmislegt mótlæti í uppvextinum, en svo víða er um hann fjallað í tengslum við 250 ára afmælið að einfaldast er að vísa á alnetið, ekki síst heimasíður Listasafnsins og Thorvaldsen-safnsins. Það safn ættu ferðalangar í Kaupmannahöfn ekki að láta fram hjá sér fara. Thorvaldsen-safnið með listaverkum og safnmunum myndhöggvarans mikla er fyrsta opinbera safn Danmerkur, opnað í september 1848. Hönnun þess ekki síður en ýmis verk sem það geymir leiðir hugann óneitanlega að Reglunni. Bræður þurfa bara að hafa augun hjá sér.

Þess má að lokum geta að sjálfsmynd Bertels Thorvaldsen með styttna *Von* var fyrsta útilistaverkið sem reist var í Reykjavík, árið 1875, gjöf frá Kaupmannahöfn. Bæjarstjórnin fann henni stað á miðjum Austurvelli en hún varð síðar að þoka fyrir ekki minni manni en Jóni Sigurðssyni. Höggmyndin stendur nú í Hljómskálagarðinum og á stöplinum stendur m.a.: „Mestur listamaður Norðurlanda. Að faðerni kominn af gömlum íslenskum ættum.“

*Pór Jónsson*

Bertel Thorvaldsen var heiðursfélagi í hinni þýskumælandi stúku í Kaupmannahöfn, *Friedrich zur gekrönten Hoffnung*, sem var sameinuð annarri stúku árið 1855, *Zorobabel til Nordstjernen*. Í sorgarhöfn við andlát Thorvaldsens 1844 voru sungnir sorgarsöngvar og séra Christian Frederik Brorson (1769–1847) sagði eftirfarandi um hinn látna:

„[...] den store Kunstners Liv, hvorledes han i Armod og ubekjendt indtraadte i Verden og opdrages blandt Kunstens simpleste Elementer; men ved egen Kraft svang sig til dens høieste Spidser, hvorledes hans aldrig trættede Aand lod ham fuldføre en Mængde af Mesterværker, der bleve saa talrige at Ingen endnu har naaet det Maal han fyldte, hvorledes hans Roes og Rygte forøgedes ved hvert hans Arbeide og bevirkede at Fyrster, Videnskabsmænd, Kunstnere og Enhver der havde Sands for det skjøne og Kraftige i hans Kunst flokkedes om ham, hvorledes han vidste at fastholde Hæderen og Lykken gennem hele sin lange Livsbane til sine sidste Dage med den Kraft der i ham første Gang saae Lyset. Hans Livs Lys udslukkedes i et til Kunsterne helliget Tempel under Jubeltaarer som førte hans Aand til d. e. Ø.; men saalænge der gives Sands for udmærket Kunst og Virksomhed vil Thorvaldsen leve i sine Mesterværker og Gjerninger.“

Í framangreindum tveimur stúkum voru margir helstu vinir og félagar listamannsins.

## Minning

# Jón Birgir Jónsson

Jón Birgir Jónsson fæddist 23. apríl 1936 í Reykjavík og lést hér í borg 22. ágúst 2020.

Hann var verkfræðingur að mennt og starfaði hjá Vegagerð ríkisins frá 1962 til 1992 er hann tók við starfi ráðuneytisstjóra í Samgönguráðuneytinu. Er hann gegndi til 2003. Eftir að hann lét af því starfi kom hann að fjarskiptamálum og gagnaverum auk annars. Allt frá unga aldri sinnti Jón Birgir skógrækt og var formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur um árabil. Er einstakt að sjá hvernig hann ræktaði garðinn sinn í kringum sumarhústað þeirra Steinunnar konu hans í Grímsnesi og heimili þeirra á Seltjarnarnesi. Hann hafði hafið meistaranám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík fyrir ári og sýnir það hversu lifandi maður var á ferð. Hann bætti allt sem hann kom nærri. Hann átti farsælan feril í hinum ytra heimi. Það munaði um hann hvar sem hann kom að verki enda maðurinn þeirrar gerðar að til hans var leitað á mörgum sviðum og segja verður að Jón Birgir hafði innt af hendi ærið dagsverk er hann féll skyndilega frá.

Pegar hans er nú minnst hér á vettvangi Frímúrarara kemur í hugann einstakur bróðir. Það var ávallt bjart yfir honum og frá honum streymdi velvild og hlýja sem laðaði menn að honum enda var Jóni Birgi trúað fyrir mikilvægum verkefnum innan Reglunnar. Hann var lipur og úrræðagóður stjórnandi og laginn við að leysa mál.

Hann gekk í St. Jóh.stúkuna Mími 1969 og gegndi þar embættum Stv., Vm. og var Stólmeistari stúkunnar frá 1985 til 1989 er hann tók við embætti St.R. Landsstúkunnar. Hann varð IVR 1995 og gegndi því embætti til 1999 er hann tók við embætti HSM sem hann gegndi til ársloka 2002.

Auk allra þessara starfa starfaði Jón Birgir í nefnd þeirri er vann að endurskoðun Grundvallarskipanar Frímúrarareglunnar á Íslandi, nefnd



Jón Birgir Jónsson.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

þeirri er undirbjó hátíðahöld í tilefni af 50 ára afmæli Frímúrarareglunnar á Íslandi árið 2001 og var í stjórn Frímúrararastarfsins. Þá veitti hann nefnd þeirri forstöðu er annaðist ritstjórn afmælisritsins „Undir stjörnuhimni“ sem gefið var út í tilefni af 100 ára afmæli Frímúrarastarfsins á Íslandi árið 2019.

Jón Birgir var hafsjór fróðleiks um sögu Frímúrarareglunnar á Íslandi og liggur mikið verk eftir hann á því sviði svo sem rannsóknararindi hans sem flutt voru í Rannsóknarstúkunnunni Snorra bera vitni. Hann var óvenju afkastamikill bróðir og vann að þessu verki til hinsta dag. Hann heimsótti skjalasafn Frímúrarareglunnar í Danmörku oftar en einu sinn og safnaði þar efni um upphaf frímúrarastarfsins á Íslandi og tildrög stofnunar sjálfstæðrar Frímúrarareglu hér á landi.

Eins og sést af upptalningunni hér að framan var Jón Birgir óvenju fjölhæfur maður og kom hlutum í verk.

Sístarfandi og fullur áhuga og einstaklega hvetjandi og jákvæður maður.

Okkar samstarf hófst 1989 er ég varð A.R. í Landsstúkunnunni og frá þeim tíma var samstarf okkar náð. Frá árinu 1995 störfuðum við saman í svonefndri kanslaranefnd en í henni sátu innsiglisverðir og stórritarar norrænu reglanna. Varð mér strax ljóst að hann naut mikils álits og virðingar í þessum hópi enda vel að sér í fræðum Reglunnar. Kom þar og til skarpur skilningur og dómgreind og hæfileiki til þess að greina aðalatriði mála. Leiðir okkar lágu saman víðar. Svo sem áður er vikið að stjórnandi hann ritnefnd afmælisrits Reglunnar „Undir stjörnuhimni“ og annaðist það þannig að betur verður ekki að verki staðið og enn fremur sat hann í stjórn Frímúrararastarfsins þar sem reynsla hans og vandvirkni samfara umhyggju fyrir málefnum þeim sem þar eru til meðferðar naut sín vel. Ég tók eftir því á ferðum okkar hér á landi hversu vel hann var að sér um menn og málefni hvarvetna á landinu og eins og einn félagi okkar úr kanslaranefndinni sagði þekkti Jón Birgir alla menn á landinu og þeir hann.

Oft er sagt að maður komi í mannsstað. Það eru orð að sönnu en hitt er staðreynd að um suma menn munar meira en aðra. Það má með sannri segja um Jón Birgi Jónsson. Hann var einstaklega fræðandi og gefandi samferðamaður og má segja hinn dæmigerði frímúrarari í þess orðs bestu merkingu. Hans er saknað úr bræðrahópnum, en minningin um góðan og farsælan bróður lifir.

Allan Vagn Magnússon



# Hvað gerðist í Frakklandi?

Með þessari grein er haldið áfram (sjá Frímúrarann 16. árgang, 1. tbl., apríl 2020, bls. 21-24) að gera grein fyrir upphaflegri útbreiðslu frímúrarahreyfingarinnar frá Englandi til Frakklands og þaðan til Svíþjóðar þar sem „sænska kerfið“ varð til.

## Þróun stúkustiganna

Þegar fyrsta stórstúkan var stofnuð í London og Westminster árið 1717 er talið víst að stig frímúrarara hafi aðeins verið tvö, lærlingur (entered apprentice) og starfsfélagi (fellow craft), en frá árinu 1725 má finna stakar heimildir um þriðja stigið, stig múrarameistarans (master mason). Fyrstu traustu, rituðu heimildirnar um fleiri stig (hærra stig) í frímúrararstarfseminni í Englandi eru frá árunum 1733 til 1740 og eru þar tilnefnd stig „skoskra meistara“ (scots master masons) og einnig sérstakar „skoskar stúkur“ (scotch masons lodges). Um starf eða siði þessara stúkna er þó lítið vitað.

Talið er víst að þessi starfsemi hafi fljótt borist til meginlands Evrópu. Árið 1742 var til dæmis stofnuð skosk stúka með frönsku heiti (L'Union) í Berlín í Pýskalandi og frá árinu 1743 eru til heimildir um skoska meistara (maitres ecossais) í Frakklandi, sem gert er ráð fyrir að hafi fengið stig sín í enskri stúku, bæði enskir menn og franskir. Landnám og þróun þessara „skosku stiga“, sem væntanlega geta svarað til St. Andrésarstiganna í sænska kerfinu, virðist svo hafa gengið hratt fyrir sig í Frakklandi. Frá allra næstu árum eftir þetta má finna heimildir um tilurð og mismunandi þróun enn fleiri stiga, meðal annars er greint frá stigi sem nefna má „riddari úr austri“ (Chevalier de l'Orient). Tekið skal fram að þessi þróun var ekki samræmd og að henni var í upphafi ekki stýrt eða stjórnað á samræmdan hátt. Frímúrararstúkur og reglukerfi eru svo talin hafa orðið til í ýmsum öðrum löndum en Englandi á þessum tímum, án beinna tengsla við ensku stórstúkuna og án sérstakra heimilda frá henni. Einnig má bæta því við að sumir fræðimenn frímúrarara telja að heitið „skoskur meistari“



*Ramsay gerði ráð fyrir að ævafornar stúkur frímúrarara hefðu sameinast riddarareglu St. Jóhannesar.*

bendi til þess að uppruna skosku stiganna beri að rekja til Skotlands en ekki einungis til Englands.

Þess má geta að frímúrararstarfinu í Frakklandi á þessum tíma mættu ýmsar hindranir. Árið 1738 bannfærði kaþólski páfinn í Róm (Klemens XII.) frímúrarahreyfinguna og vildi stöðva þessa dularfullu starfsemi, en sem betur fer hafnaði þingið í París því að slíkt væri samþykkt. Engu að síður var lögreglustjóranum í París falið að fylgjast gaumgæfilega með starfseminni og fylgja eftir því samkomubanni frímúrararstúkna sem þar ríkti um tíma. Þá var einnig erfitt fyrir franskar stúkur að öðlast þá viðurkenningu frá hreyfingunni í Englandi sem Frakkarnir óskuðu eftir, til að tryggja sjálfstæði sinnar starfsemi. Sumar frönsku stúkurnar voru vissulega stofnaðar með fullu umboði frá ensku stórstúkunni, en þegar að því kom að óskað var eftir því að fá viðurkenningu á sérstakri „svæðis-stórstúku“ í París árið 1735 var því hafnað af ensku stórstúkunni. Það er því í sjálfu sér merkilegt að frekari þróun stigakerfisins hafi getað átt sér stað í Frakklandi við þessar aðstæður.

## Chevalier Ramsay

Hvað sem því líður er víst að viðbótarstigin fengu góðar viðtökur í Frakklandi og frekari þróun þeirra átti sér fljótt stað þar. Þá má nefna til sögunnar Skotann Andrew Michael Ramsay sem lengi vel var af frímúrarum talinn hafa verið frumkvöðull að þróun hærra stiga og jafnvel stofnandi þeirra sem fljótt bættust ofan við skosku stigin. Þessu hafna þó margir síðari tíma fræðimenn frímúrarara.

Ramsay þessi var bakarasonur frá bænum Ayr í Skotlandi, skammt frá hinum fræga stað Kilwinning, fæddur árið 1681. Fjölskylda hans var mót-mælendatrúar (Kalvínistar) en hann hugleiddi einnig aðrar trúarstefnur og snérist síðar á ævinni til kaþólskrar trúar. Hann fékk ungur góða menntun og kynntist fljótt aðalsmönnum sem einkakennari barna nokkurra þeirra. Í því hlutverki starfaði hann meðal annars í Skotlandi og Hollandi, á Ítalíu og í Frakklandi. Hann þjónaði einnig í enska hernum um tíma og var því orðinn handgenginn bæði aðalsmönnum og herforingjum þegar hann loks settist að í Frakklandi árið 1723 í skjóli breskra og franskra fyrirmenna, meðal annars franska erkibiskupsins Francois Fenelon, og sinnti Ramsay bæði kennslu og ýmsum öðrum verkefnum á vegum þeirra. Hann var einnig virkur rithöfundur og skrifaði bæði vinsæla skáldsögu og tvær ævisögur.

Ramsay dvaldist í Skotlandi og Englandi á árunum 1728 til 1730 og var tekinn inn í enska frímúrararstúku á þeim tíma, varð félagi í Konunglega vísindafélaginu (Royal Society) og hlaut heiðursnafnbót sem doktor í lögum í Oxford-háskóla. Eftir komuna til Parísar fékk hann einnig riddaratign og var eftir það alltaf nefndur „Chevalier Ramsay“. Um frímúrararferil hans í Frakklandi eftir þetta er lítið vitað nema að hann varð ræðumeistari í Parísarstúku sinni (Louis l'Argent) og sjálfur sagðist hann svo hafa verið í embætti sem „stór-ræðumeistari“ stórstúkunnar í París, en um það eru að sinni ekki aðrar heimildir. Í þessum hlutverkum

flutti hann tvær ræður á frönsku þar sem hann setti fram hugmyndir sem lengi vel voru taldar hafa valdið merkilegum straumhvörfum í franskri frímúrarahéð og þróun viðbótartstiga, sem ekki eru talin hafa verið viðtekin fyrr en eftir að þessar ræður voru fluttar og gefnar út á prenti.

### Ræður Ramsays

Sú fyrri var flutt árið 1736 og var sögð hafa verið „móttökuræða“ fyrir nýinntekna frímúrarara í stúku Ramsays og er hún um þrjár og hálf blaðsíða í enskri þýðingu. Í upphafi er því lýst hvaða eiginleika frímúrarar verða að hafa til að bera, mannúð (líknarlund), órjúfandi trúnað og áhuga á hinum frjálsu listum og vísindum, sem eru eðli og markmið samtakanna. Þá er greint frá fornum uppruna hreyfingarinnar í samræmi við rit biblíunnar og arfsagnir hennar frá Móse til Salómons. Greint er frá því að hin fornu fræði hafi borist til Bretlandseyja og þaðan til Frakklands, sem muni í framtíðinni verða miðja reglustarfsins og hið sanna heimaland allra þjóða.

Mesta athygli vakti þó, bæði þá og æ síðan, kenning hans um að hinar ævafornu frímúrarastúkur hefðu á tímum krossferðanna sameinast þeim riddarareglum sem unnið hafi þann eidd að endurreisa hin kristnu musteri og að hefja byggingarlistina til vegs og virðingar. Sagt er síðan að frá þeim tíma hafi stúkur frímúrarara verið kenndar við heilagan Jóhannes (E: St. John, F: St. Jean).

Síðari ræðan var flutt árið 1738 og er nokkru lengri eða fimm og hálf blaðsíða í enskri þýðingu. Þar er endurtekið flest af því sem rakið var í fyrri ræðunni og hnykkt á því en margt hefur verið þróað aðeins lengra. Til dæmis er því haldið fram að hinir fornu frímúrarar hafi ekki aðeins verið steinsmiðir heldur einnig slyngir arkitektar og trúaðir stríðsmenn sem vildu byggja upp musteri hins hæsta. Þá er því haldið fram að ævafornar stúkur hafi verið stofnaðar í Róm, á Ítalíu, Grikklandi og Egyptalandi, en tekið er fram að meðlimir þeirra hafi verið hófsamir og ekki sýnt þá nautnasækni og hófleysi sem hinar fornu launhelgar voru frægar fyrir. Síðan er því lýst nánar að regla hinna fornu frímúrarara hafi sameinast riddurum Jóhannesarreglunnar, en

ekki er minnst á nein tengsl við Muste-  
erisriddarana, sem margir síðari tíma frímúrarar héldu að gert hefði verið í ræðunni. Þá er lögð viss áhersla á tengingu við forna stúkustarfsemi í Kilwinning í Skotlandi og að frímúrararfræðin hafi síðan gengið í endurnýjun lífdaga í Frakklandi.

Með þessu er Ramsay búinn að setja fram stuðning við þær hugmyndir að frímúrarastúkur þess tíma hafi, að minnsta kosti að hluta til, átt uppruna í skoskri stúkuhefð og í kristinni riddarareglu frá tímum krossferðanna. Ýmsir síðari tíma fræðimenn frímúrarara telja Chevalier Ramsey ekki hafa verið upphafsmann þessara hugmynda heldur hafi hann fengið þær að láni úr umræðu þeirra tíma frímúrarara eða úr samtímaheimildum. Ræðurnar voru síðan prentaðar og gefnar út hvað eftir annað og urðu vinsælar meðal frímúrarara. Óhætt er að segja að þessi stuðningur hafi átt þátt í því að þróun hærri stíganna varð eins öflug í Frakklandi og saga frímúrarara vill vera láta.

Strax í ensku grundvallarskipaninni frá 1723 er gefið í skyn að fornar riddarareglur hafi tekið upp ýmsa síði frímúrarara þannig að til slíkra riddara var horft frá upphafi. Boðskapur Ramsays vakti mikla athygli og var því víða trúað eftir þetta að frímúrarahreyfingin væri riddararegla. Um svipað leyti komu fram svonefnd skosk stig í Englandi (Scottish Masonry) og í Frakklandi (Ecosais) og hugmyndin um riddarastig bjó einnig um sig meðal franskra frímúrarara og mun fljótt hafa náð fótfestu í fleiri Evrópulöndum. Upprunalega þriggja stiga hefðin var þó enn ráðandi í starfi stúknanna á Bretlandseyjum, en franskir frímúrarar virtust hafa haft hug á að bæta við fleiri og „æðri“ stígum. Það var inn í þennan frjóa hugmyndaheim frímúrarastarfsins í Frakklandi, og sérstaklega í París, sem ýmsir sænskir herforingjar og aðalsmenn gengu, til að fræðast, mennta sig og starfa um lengri eða skemmri tíma, og voru teknir inn í þarlandar stúkur.

### Til Svíþjóðar

Frímúrarahreyfingin barst til Svíþjóðar frá Frakklandi með því að sænski greifinn Axel Wrede-Sparre stofnaði einkastúku í Stokkhólmi árið 1735, þó að formlegt umboð eða leyfi til stúkustofnunar frá frönsku



*Karl hertogi av Södermanland, síðar Carl XIII. Svíakonungur, stóð fyrir og vann sjálfur að samræmingu frímúrararstíganna í Svíþjóð og má án efa nefnast höfundur sænska kerfisins.*

stórstúkunni lægi ekki fyrir. Wrede-Sparre hafði verið tekinn inn í stúku í París fjórum árum áður. Starfsleyfi frá Stórmeistara ensku stórstúkunnar í Frakklandi, Charles Radcliffe jarli af Derwentwater, barst honum svo tveimur árum síðar. Talið er að stúka Wrede-Sparre hafi starfað óreglulega, en samkvæmt réttum siðum ensku stórstúkunnar í Frakklandi eftir að hafa fengið leyfið. Stúkan hætti svo starfsemi árið 1747 þegar stofnandinn fluttist frá Stokkhólmi, en mun hafa verið endurvakin síðar. Fljótt eftir þetta munu fleiri stúkur hafa verið stofnaðar í Svíþjóð, en ekki allar haft umboð og því margar verið „ólöglegar“.

Þá kom til sögunnar sænski greifinn Knut Carlsson Posse, sem dvalið hafði í Frakklandi sem herforingi í franska hernum. Hann mun hafa verið tekinn þar upp á fleiri stig en þau þrjú sem viðtekin voru og orðið bæði „skoskur bróðir“ og „skoskur





*Carl Fredrik Eckleff varð sér úti um umboð og gögn til að stofna fyrstu „skosku“ stúkuna í Svíþjóð árið 1756 og stórkapítula árið 1756.*

meistari“. Posse greifi virðist svo hafði orðið sér úti um nauðsynleg skjöl og siðakerfi allra þessara stiga og einnig umboð til stúkustofnunar frá franska stórmeistararum áður en hann flutti aftur til Svíþjóðar. Einnig er greint frá því að hann hafi fengið „stórmeistararéttindi“ (sennilega þó aðeins umboð til að verða stúkumeistari) í borginni Köln í Þýskalandi. Hann stofnaði strax eftir það stúkuna St. Jean Auxiliaire (stúku Jóhannesar skírara) í Stokkhólmi árið 1752.

Næstur af þeim sem báru frímúrarahreyfinguna til Svíþjóðar kemur greifinn Carl Fredrik Scheffer, sem einnig hafði um tíma dvalist í París og verið tekinn inn í franska stúku árið 1737. Hann fékk síðar umboð til að stofna fleiri frímúrarastúkum í Svíþjóð, en er talinn hafa látið áður nefndum Wrede-Sparre greifa eftir umboð sitt fyrir hans eigin stúku. Árið 1753 var Scheffer greifi hins vegar valinn „stórmeistari“ stúkunnar St. Jean Auxiliaire, sem þá var farin að nefna sig „móðurstúku“ sænskra stúkna og krefjast þess að þær öfluðu sér umboðs eða leyfis til starfsins frá henni. Sagt er að margar „ólöglegu“ stúknanna hafi þegið það boð.

Loks kemur til sögunnar Carl Fredrik Eckleff, sem var sonur þýskra foreldra en fæddur í Svíþjóð. Hann dvaldist um skeið í Þýskalandi, bæði sem barn og síðar sem ungur maður, og hafði því án efa góð tengsl við ættland sitt. Óvíst er hvar og hvenær Eckleff var tekinn inn í frí-



*Páfinn Klemens tólfði bannfærði frímúrarahreyfinguna árið 1738 en það bann náði þó ekki fram að ganga í Frakklandi.*

múrarastúku, en hann varð sér á einhvern hátt úti um umboð til stofnunar stúku og einnig ýmis siðagögn frá Genf í Sviss, Strasbourg í Frakklandi og sennilega einnig frá Þýskalandi. Hann stofnaði síðan fyrstu „skosku“ stúkuna (Skotska St. Andreae logen L'Innocente) í Svíþjóð árið 1756 og síðan stórkapítula (Chapitre Illuminé) árið 1759. Eckleff var mjög virkur félagslega og fræðilega, sem sást meðal annars á því að hann stofnaði einnig tvö félög eða reglur af öðrum toga, „Tankebyggerorden“ árið 1753 með skáldum og rithöfundum, og síðan „Fackelorden“ árið 1757 með bókmenntalega og heimspekilega sinnuðum einstaklingum, en síðarnefnda félagið átti sér fyrirmynd í Þýskalandi.

Með þessu var komið af stað fjölbreyttu, en ekki samræmdu, frímúrarastarfi í Svíþjóð, með Jóhannesarstigum, Andrésarstigum og Kapítulastigum. Segja má að grunnurinn að hinu sænska kerfi hafi þannig verið lagður á árunum 1735-1760, en að kerfið hafi þó alls ekki verið komið í það horf sem síðar varð. Grunnkerfið var vissulega frá Bretlandi en í Frakklandi bættust við nýir þættir. Óvænt kom svo fram samkeppni um siðina í Svíþjóð árið 1767 þegar Carl Adolf Tullman stofnaði, með umboði frá Englandi, stúkuna „Brittania“ fyrir fyrstu stigin og stúkuna „Phoenix“ fyrir „skosku“ stigin og lýsti jafnframt aðrar stúkur í Svíþjóð „ólöglegar“. Stúkur þessar störfuðu í nokkur ár samkvæmt ensku siðakerfi, en hættu störfum eftir að samkomulag náðist milli sænsku og ensku stórstúknanna árið 1770 um gagnkvæma viðurkenningu.

Óvíst er hvort hinir ensku siðir höfðu einhver áhrif á aðrar sænskar stúkur á þessum tíma, en skömmu

eftir þetta gengu Svíakonungur, Gústaf III., og bræður hans tveir, prinsarnir Fredrik Adolf og Carl hertogi af Södermanland, í sænska frímúrarastúku og fékk sá síðarnefndi strax mikinn áhuga á frímúrarahreyfingunni og stofnaði fljótt sína eigin „skosku“ stúku. Árið 1774 var hann valinn „Reglumeistari“ í Svíþjóð og hóf að sameina sænsku stúkurnar undir einni Reglu og að endurskoða og þróa frímúrarastarfsemina í það form sem síðar fékk heitið „sænska kerfið“. Hann skipaði til dæmis sérstaka endurskoðunarnefnd árið 1776. Carl hertogi var einnig Stórmeistari þýsku reglunnar Stricte Observans um tíma eða árin 1776-1780 og vera má að einhverjir siðir hennar hafi haft áhrif á þróun sænska kerfisins í hans höndum. Lokahnykkurinn í uppbyggingu sænska kerfisins átti sér svo stað á árunum 1798-1799 þegar Carl hertogi ferðaðist til Evrópulanda og dvaldist um tíma í Prag og Vínarborg. Talið er víst að þar hafi hann safnað upplýsingum um frímúrarastarfsemina á þessum stöðum um leið og hann vann sjálfur að samræmingu sænska frímúrarastarfsins, þ.e. Jóhannesar-, Andrésar- og Kapítulastúkna í eitt kerfi. Víst er að hann stóð í ítarlegum bréfasamskiptum við samstarfsmenn sína í Svíþjóð um hugmyndir sínar og hugsjónir um sænsku frímúrarastarfsemina.

### Lokaorð

Markmiðið með þessari samantekt var að vekja athygli á því hvernig frímúrarahreyfingin átti uppruna á Bretlandseyjum sem fremur einfalt tveggja til þriggja stiga kerfi og barst síðan til Frakklands þar sem mikil þróun varð og fleiri stig og stúkur bættust við. Síðan lá leiðin til Svíþjóðar þar sem enn frekari þróun og samræming átti sér stað og „sænska kerfið“ varð til sem sérstakt og samstætt kerfi. Höfundar þess sóttu án efa ýmsa siði og hugmyndafræðilega þætti til annarra landa, s.s. til Þýskalands, Austurríkis og hugsanlega Tékklands, og jafnvel til einstakra borga í Evrópu. Það var síðan sterk hugsjón og umsvifamikil vinna sænsku frumkvöðlanna sem gerði þetta fagra og fjölbreytta kerfi að heilsteyptum og innihaldsríkum félagsskap.

*Jóhann Heiðar Jóhannsson*

# Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS  
HEYRNAR  
MÆLING!



**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyrnarstodin.is](http://heyrnarstodin.is)



Ertu með allt  
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • [haaleiti@bjorg.is](mailto:haaleiti@bjorg.is) • Sími: 553 1380



*Grand*  
HÓTEL  
REYKJAVÍK

## Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.





## Skjalasafnið

## Stjarna fyrir krónu

## Fjáröflun í byggingarsjóð 1936-1938

Kristján konungur tíundi, Stórmeistari Frímúrarareglunnar í Danmörku, samþykkti árið 1918 að stofnuð yrði fullgild St. Jóh.stúka í Reykjavík. Það skilyrði var sett, að stúkuhús skyldi byggt fyrir árslok 1922. Byggingarnefnd stúkunnar Eddu var kosin 1925. Reyndin varð sú að til 1951 fór allt frímúrarastarf í Reykjavík fram í leiguhúsnæði í Austurstræti 16, Nathan & Olsen húsinu.

## Byggingarsjóður

Byggingarsjóður stúkunnar Eddu varð til 1918 með 1.000 krónu gjöf bróður Egils Jacobsen. Sjóðurinn óx verulega á næstu árum, meðal annars með gjöfum bræðranna, en einnig með margvíslegri fjáröflun. Hapdrætti voru haldin og seldar voru jólaskeiðar, plattar og frímúraraglös. Byggingarsjóðurinn var færður í umsjón Bráðabirgðayfirstjórnar Frímúrarareglunnar á Íslandi með ályktun fjárhagsstúkufundar Eddu 22. apríl 1941.

## Merkjasala

Í skjalasafni Reglunnar eru heimildir um nokkuð sérstaka fjáröflun í byggingarsjóð á árunum 1936-1938.

Upp úr ómerktum pappakassa í skjalasafni Reglunnar kom plastpoki sem í voru um það bil 1.300 pappírsemki með lími á bakhlið. Merkin sýndu svartan tening með hvítri sexyddri stjörnu. Í kassanum voru einnig 270 bækur, 8,3x13,8 sm að stærð, þar af 62 merktar einstökum bræðrum. Flestar af þessum merktu bókum voru með innlímdum merkjum og sex bækur fullsettar með 30 innlímdum merkjum.

Ennfremur var í kassanum vélritað blað með svohljóðandi texta:

„Bækur þessar eru seldar á eina krónu stykkið og tekur hver bók 30 samskonar merki og sjást á forsíðu bókarinnar og kostar hvert merki Kr. 1/- eða bókin full sett merkjum Kr. 31/- sem alt fer í byggingarsjóð.

Hver bók á að bera nafn kaupanda ritað með eigin hendi. Þegar bók er



Ljóm. Skjalasafn

lokið eða fullsett merkjum, verður hún tekin til geymslu og síðan lögð í hornstein væntanlegs húss.

Bækurnar og merkin fást hjá br. Guðm. Loptssyni.“

Guðmundur Loptsson var varaféhirðir Eddu. Í skjölum stúkunnar Eddu er stílabók, merkt „Merkjabækur og merki 3/12 1936 – 27/2 1938.“ Þar er gerð grein fyrir sölu á 62 bókum. Merkjasala var skráð á bókarnúmer og nafn kaupanda. Alls seldust merki og bækur fyrir 642 kr. Til samanburðar má nefna að fullt árgjald til stúkunnar Eddu starfsárið 1936-1937 var 50 krónur. Sala bóka og merkja samsvarar því nærri þrettánföldu árgjaldi. Ef miðað er við hlutfall árgjalds til Eddu 1936 (50 krónur) við árgjald fyrir starfsárið 2020-2021 (97 þúsund krónur.), hefur hvert merki kostað um það bil tvö þúsund krónur í peningum ársins 2020.

Sölu var hætt þegar meirihluti

merkja og bóka var óseldur. Salan hefur ef til vill þótt ganga hægt.

## Merkjabækur í hornstein?

Fyrirhugað var að leggja seldar merkjabækur í hornstein væntanlegs frímúrarahúss, en þær eru varðveittar í skjalasafni Reglunnar og hafa augljóslega ekki verið lagðar í hornstein.

Hér með er komið á framfæri þeirri fjáröflunarhugmynd að taka upp þráðinn þar sem hætt var 1938 og selja hinar nýfundnu merkjabækur og tilheyrandi merki til ágóða fyrir byggingarsjóð. Þegar einhvern tíma kemur að hornsteinslagningu á væntanlegri viðbyggingu Regluheimilisins, mætti fylgja eftir rúmlega 80 ára gamalli áætlun með því að leggja seldar merkjabækur í hornsteininn.


*Halldór Baldursson, Skv. R.*

mora

INXX II  
Glæsilegasta lína okkar til þessa.


INXX II  
STURTUHAUS  
Brushed brass

LASTING  
WATER  
EXPERIENCE  
moraarmatur.com



Gæði, þjónusta, ábyrgð – það er Tengir

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is  
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is




Ljós. Sigurður Júlíusson

*Eiríkur Hreinn Helgason.*

## Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Eddu

Þann 10. mars sl. fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóhannesarstúkunninni Eddu í Reykjavík. Kjörinn var bróðir Eiríkur Hreinn Helgason. Hann var settur í embættið af SMR, Kristjáni Þórðarsyni, þann 15. september sl.

Eiríkur Hreinn er fæddur 10. september 1955 í Reykjavík, sonur hjónanna Sigrúnar Björnsdóttur og Helga Hallgrímssonar. Þau eru bæði látin.

Að loknu stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina lauk Eiríkur námi frá Lögregluskóla ríkisins og sinni síðan með hléum fjölbreyttum störfum innan lögreglunnar, síðast sem yfirlögregluþjónn í Lögregluskólanum þar sem hann stýrði nýrri deild framhaldsmenntunar fyrir lögregluna. Samhliða störfum í lögreglunni stundaði Eiríkur söngnám á Íslandi og í Vínarborg og starfaði í áratugi sem klassískur söngvari. Eftir að starfstíma í lögreglunni lauk aflaði hann sér menntunar sem leiðsögu- maður og vann sem slíkur auk þess að sinna stundakennslu áfram.

Eiríkur gekk í St. Jóhannesarstúku- una Eddu árið 1994 og hefur gegnt ýmsum embættum þar eins og v.S., v.R., E.Stv., Am. og Vm.

Eiríkur er kvæntur Stefaníu Valgeirsdóttur og eiga þau þrjú börn og fimm barnabörn.

SVAFAR & HERMANN

*Kvedja*  
útfararstofa

Virðing,  
reynsla  
& þjónusta

Allan  
sólarhringinn

571 8222  
Svafar:  
820 3939  
Hermann:  
820 3938  
Ingibjörg:  
820 3937



WWW.KVEDJA.IS





Ljós. Sigurður Júlíusson

Haukur Óskarsson.

## Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Snorra

Þann 2. mars síðastliðinn var Haukur Óskarsson kjörinn Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Snorra, og var hann settur í embættið af STR, Gunnlaugi Claessen, þann 18. september.

Haukur fæddist í Reykjavík 24. febrúar 1963 sonur hjónanna Guðrúnar Maríu Hjálmsdóttur og Óskars Einarssonar.

Hann lauk vélvirkjanámi úr Iðnskóla Hafnarfjarðar, IV. stigi úr Vél-skóla Íslands, sveinsprófi í vélvirkjun úr Vélsmiðjunni Hamri h/f árið 1984, fyrrihlutanámi í véltækni-fræði úr Tækniskóla Íslands 1989 og B.Sc. prófi í véltækni-fræði úr Odense Teknikum 1992.

Haukur hefur starfað sem verk-efnastjóri við hafnarframkvæmdir, skipa- og vélhönnun hjá Ráðgarði, verið sviðsstjóri tækni- og framkvæmdasviðs hjá Skeljungu, verk-efnastjóri og framkvæmdastjóri hjá verkfræðistofunni Mannviti og framkvæmdastjóri í eigin fyrirtæki, ásamt setu í stjórnnum ýmissa fyrirtækja.

Haukur gekk í St. Jóh.st. Mími þann 18. mars árið 2002, og hefur þar gegnt embætti Am., SM, 1.vSm. og 1.v.E.Stv. auk setu í Bræðranefnd. Í St. Jóh.st. Snorra starfaði Haukur sem Sm. 2012 til 2015 og Vm. frá 2015 til 2020.

Haukur er kvæntur Ragnheiði Thoroddsen lyfjafræðingi og eiga þau þrjú börn og eitt barnabarn.

## Minning

# Bjarni Pétursson

Þá hefur Bjarni bróðir minn lagt í sína hinstu ferð til austursins eilífa. Þó að við vitum að vegferð okkar hér á jörð hafi þennan enda, þá erum við aldrei viðbúinir kveðjustundinni.

Bjarna á ég það að þakka, að ég gekk í St. Jóh.st. Gimli árið 1965. Hann og Óskar Gíslason leiddu mig þar inn. Óskar var búinn að vera lengi í Reglunni, og ef hann var spurður um félagsskapinn, brosti hann bara og sagði: „Eina sem þú þarft að gera, til að komast að því, er að ganga í Regluna“. Svo var Bjarni bróðir kominn inn, gekk inn á afmælisdaginn minn 2. apríl 1962. Óskar frændi sagði við mig, áður en ég fór í hið óþekkt: „Vertu þú sjálfur, og stattu í báða fætur“. Ég áttaði mig á því þegar upptöku var lokið hvað hann átti við.

Bjarni fann sig vel, og gaf sig óskiptan í störf fyrir Regluna. Var óslitið í embættum í 44 ár og jafnvel í nokkur ár í tveimur embættum. Óskar var skjaldarvörður þegar Bjarni gekk inn og fljótlega fékk hann Bjarna til að aðstoða sig. Hann tók síðan við af Óskari og sá um skildina í 11 ár.

Bjarni var 2. aðstoðarsöngstjóri Gimli frá 1964 til 1967.

2. vara yngri stólvörður Gimli frá 1967 til 1969.

1. vara yngri stólvörður Gimli frá 1969 til 1974.

Yngri stólvörður Gimli og 2. aðstoðar Skjaldarvörður Landsstúkunnar frá 1974 til 1978.

Skjaldarvörður Landsstúkunnar frá 1978 til 1989.

Y. Yf. stv. Landsstúkunnar frá 1989 til 1996

E. Yf. stv. Landsstúkunnar frá 1996 til 2002

Yf. Stú.M. Landsstúkunnar frá 2002 til 2008

Í Bræðranefnd Gimli frá 2004 til 2006.

Hann var einnig í fjölda ára vara- maður Sigurðar Ísólfssonar söngstjóra Landsstúkunnar á áttunda áratugnum. Það samstarf varð til þess, að við bræður, Bjarni, Jón og ég, keyptum orgel af frændfólki okkar. Bjarni fékk Sigurð til að skoða hljóð-



Ljós. Jón Svavarsson

Bjarni Pétursson.

færið, sem gaf því góða dóma. Við létum því gera það upp, og er það enn í dag, notað í Kapellunni. Til gamans má geta þess, að þetta orgel keypti Þorsteinn Pétursson, bóndi á Mið-Fossum um aldamótin 1900, en hann var afbróðir okkar bræðra. Kristleifur Þorsteinsson, fræðimaður á Stóra-Kroppi getur þess í ritinu „Úr byggðum Borgarfjarðar“, að Þorsteinn hafi verið sá fyrsti sem spilaði á orgel í kirkjum í uppsveitum Borgarfjarðar.

Bjarni gegndi mörgum embættum, í St. Jóh. Gimli og í Landsstúkunni. Ég var eitt sinn á fundi í Gimli þegar Y.Stv. forfallaðist. Bjarni settist þá í þann stól og skilaði starfinu vel. Einnig var ég á fundi þegar E.Stv. forfallaðist, Bjarni settist þar, og allt gekk snurðulaust. Þá var hann hættur sem embættismaður í Gimli en starfaði í Landsstúkunni. Hann var sæmdur heiðursmerki Reglunnar 2007.

Ég vil enn og aftur þakka Bjarna bróður leiðsögnina alla, og það uppeildi sem ég fékk í Gimli. Það hefur orðið til þess, að synir mínir allir hafa gengið þennan veg og eru virkir í starfi Reglunnar.

Hinn hæsti höfuðsmiður taki Bjarna í náðarfaðm sinn.

*Davíð Pétursson*

## Minjasafnið

# Völundarsmið frá enskum bræðrum til St. Jóh.st. Eddu

Bræður úr ensku stúkunni Moseley Lodge Nr. 5224 í Birmingham komu, ásamt systurum, og heimsóttu St. Jóh.-st. Eddu í apríl 2011. Við það tækifæri færðu þeir Stm. Eddu, fyrir hönd stúkubræðra, mikinn kjörgrip sem smíðaður var sérstaklega af því til efni. Þetta er fundahamar í litlum skáp og er botn skápsins losanlegur frá og gegnir þá hlutverki höggplatta. Þennan grip má sjá og skoða á minjasafni Reglunnar og einnig er á vef Reglunnar hægt að sjá og heyra bróður Gunnar Þórólfsson R&K segja frá honum (fyrirsögnin er „Stúkurnar Edda og Glitnir bjóða nú hlaðvarps-þjónustu“).

Gjöfni fylgdi bréf með smíðalýsingu og einnig barst nokkrum dögum síðar þakkarbréf þar sem Stm. hinnar ensku stúku þakkar Eddubræðrum hlýlegar og alúðlegar móttökur allt frá því þeir komu á flugvöllinn þar til heimsókninni var lokið – og ekki síður hve systurnar nutu einnig hlýlegrar og innilegrar gestrisni íslensku systuranna. Þessi bréf eru bæði varðveitt í skápnunum með fundahamrinum.

Til fróðleiks fer hér á eftir lausleg þýðing á smíðalýsingu sem fylgdi hamrinum:

### *Fundahamar stúkunnar Eddu*

Þessi fundahamar var smíðaður að frumkvæði bróður David Ramsay [Stm. ensku stúkunnar] og afhentur Stm. stúkunnar Eddu [Gunnari Þórólfssyni] í tilefni heimsóknar bræðra úr stúkunni Moseley Nr. 5224 í skrá Ensku frímúrarareglunnar og er í héraðinu Worcestershire.

Hagleiksmaðurinn sem smíðaði hamarinn, bróðir Joseph Reece, sem var á áttugasta aldursári, gerði það á eftirfarandi hátt:

- kassinn og hamarshausinn eru úr sedrusviði frá Líbanon (Cedrus libani) sem óx í Líbanon og var innfluttur þaðan; líbanskur sedrusviður, sem er ilmviður, kemur víða fyrir í Biblíunni og, er okkur sagt, var notaður við byggingu Musteris Salómónskonungs;



Ljósmynd. Guðmundur Viðarsson

*Fundarhamarinn kom í sérsmíðuðum kassa.*

- handfang hamarsins er gert af ensku valhnotutré (Juglans regia), úr tré sem óx í ensku borginni Birmingham;

- annan enda kassans er hægt að losa frá honum og nota sem höggplatta og er hann gerður úr tveimur samsíða hlutum úr líbónskum sedrus og afrísku mahogany (Khaya ivorikonungs);

ensis) á milli til að auka styrk plattans;

- krækjulásinn var handsmíðaður af bróður Reece úr ensku látúni;

- merkið ofan á kassanum táknar merki stúkunnar Eddu og var handsmíðað úr mahogany og málað.

*Þórhallur Birgir Jósepsson*



## Svipmyndir úr Reglustarfi

# Golfmót Gimli 2020

Golfmót Gimli fór fram föstudaginn 28.08.2020 og var leikið á Kálfatjarnarvelli og hófst kl. 14:00. 23 þátttakendur voru í mótinu og þar af voru 7 systur. Leikið var við þokka-legalar aðstæður nokkur vindur og gekk á með skúrum. Frammistaða leikmanna var með miklum ágætum. Að leik loknum var hin rómaða púttkeppni haldin en það voru eingöngu bræður sem tóku þátt og var leikið um bikar. Einstakir taktar, enginn lék í holu en sá hlaut sigur er næstur var holunni. Að lokum var borin fram súpa að hætti hússins og brauð og kaffi. Verðlaun voru ekki af lakari endanum; bikarar og rauðvín auk bókarinnar *Natural Elements* sem er gefin út af Arkís. Allar systur fengu að lokum blómvönd og þakklæti fyrir þátttökuna. Nefndin sendir þakklæti til allra, en hana skipuðu auk undirritaðs, Gylfi Örn Guðmundsson, Valdimar Þorkelsson, Ólafur Ólafsson og Þorvarður L. Björgvinsson.



Ljós. Guðmundur Viðarsson

*Sigurvegari systra á golfmóti Gimli var Íris Williamsdóttir.*



Ljós. Guðmundur Viðarsson

*Sigurvegari mótsins Ólafur G. Sigurðsson með 34 punkta. Í öðru sæti Þorvarður L. Björgvinsson með 31 og í þriðja sæti Gylfi Örn Guðmundsson með 30.*

## Hópakstur Fenris

*Allir bræður í Frímúrarareglunni á Íslandi geta gerst félagar í Fenri. Klúbburinn var stofnaður á sumardaginn fyrsta 2008 og mættu 50 stofnfélagar á fundinn. Félagi nr. 1 og um leið heiðursfélagi í Fenri er bróðir Valur Valsson, fv. SMR. Fenrir starfar aðallega utan starfstíma Reglunnar á sumrin, enda bjóða veðurskilyrði helst upp á það. Hjóladagar Fenris eru fyrsti og þriðji þriðjudagur í mánuði frá maí til október og hjóla þá félagar saman í lengri og styttri ferðir. Árlega fara Fenrisfélagar Jónsmessuferð á frímúrarafund, ýmist á Ísafirði eða Akureyri, og hringurinn um landið hjólaður í leiðinni. Formaður Fenris er bróðir Atli Vilhjálmsson, Eddu.*



Ljós. Jón Svavarsson

*Frá hópakstri Fenris sl. sumar.*

## Afmæli

# Úlfar Guðmundsson áttæður

Þann 30. október 2020 átti séra Úlfar Guðmundsson R&K, f.v. SÆK 80 ára afmæli.

Af þessu tilefni heimsótti St.R., bróður Úlfar og Herborgu Pálsdóttur eiginkonu hans og færði honum blóm-vönd frá ÆR, með bróðurlegu og einlægu þakklæti fyrir hans einlæga og góða starf, sem hann hefur unnið fyrir Frímúrararegluna á Íslandi.

Br. Úlfar gekk í St. Jóh.st. Rún þann 6. febrúar 1980. Hann var Stm. Röðuls 2002-2005 auk þess að hafa gegnt ýmsum ábyrgðar- og trúnaðarstörfum fyrir Regluna. Þann 15. mars 2005 var hann vígður R&K. Úlfar var skipaður SÆK 2009 og var í því embætti til 2015, er hann lét af embætti vegna aldurs.

Séra Úlfar og Herborg eiga saman eina dóttur. Úlfar á tvö börn frá fyrra hjónabandi og Herborg tvær dætur. Barnabörnin þeirra eru 6.



Ljós. Eiríkur Finnur



## Finnum betri leið fyrir sparnaðinn þinn

Það eru ýmsar leiðir til að ávaxta. Velkomin í sparnaðarráðgjöf.





## Einar Birnir níráæður

Þann 30. september 2020 átti bróðir Einar Birnir R&K, f.v. DSM, 90 ára afmæli.

Af þessu tilefni heimsótti St.R., bróðir Eiríkur F. Greipsson R&K r.k., bróður Einar og Jóhönnu eiginkonu hans og færði honum blómvönd frá ÆR, með bróðurlegu og einlægu þakklæti fyrir hans mikla og förnfúsa starf sem hann hefur innt af hendi á liðnum áratugum fyrir Frímúrara-regluna á Íslandi.

Bróðir Einar gekk í St. Jóh.st. Mími þann 2. desember 1957 og 21. mars 1984 var hann vígður R&K r.k.

Hann hefur sinnt fjölmörgum ábyrgðar- og trúnaðarstörfum fyrir Regluna auk þess að vera DSM frá 2003 til 2005, er hann lét af embætti vegna aldurs.

Hann hefur m.a. verið sæmdur heiðursmerkjum átta St. Jóh.stúkna.

Einar og Jóhanna Birnir (f. 15.02.1930) eiga 6 uppkomin börn, 12 barnabörn og 16 barnabarnabörn.




Ljós. Eiríkur Finnur

## TOYOTA ÞJÓNUSTA

### ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

# BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur  
[www.bifreidaverkstaedi.is](http://www.bifreidaverkstaedi.is)

**S:587 1350**

# Styrkir til mannúðarmála og hjálparstarfs

Stjórn Frímúrarasjóðsins veitti nú í nóvember styrki að fjárhæð 20 m.kr. til eftirtalinna aðila: Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Píeta samtakanna og Bergsins.

Er það einlæg von Frímúrarareglunnar að þessir styrkir komi að gagni við það mikilvæga mannúðar- og hjálparstarf sem unnið er á vegum þessara aðila hér á landi.

*Stjórn Frímúrarasjóðsins,  
Allan Vagn Magnússon, formaður  
Kristján Sigfús Sigmundsson  
Guðmundur Kr. Tómasson*

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242




Gerðu jólin hátíðlegri  
með ómótstæðilegu Lindor  
kúlunum frá Lindt

**Minningarkort  
bræðranefndar fást á [www.frmr.is](http://www.frmr.is)**





# Styrktarauglýsingar



# Styrktarauglýsingar



Gillibo ehf  
Málningarþjónusta  
Gísl Björgvinsson

Sími 821-2026 - Netfang: gillibo61@gmail.com



# REGALO



Fjarðargötu 1, Seyðisfirði  
Sími 472 1300



[austfjardaleid.is](http://austfjardaleid.is)



## A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



[www.eskja.is](http://www.eskja.is)



[www.alnabaer.is](http://www.alnabaer.is)



Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Hálfarabí 2 • 250 Gæði  
Sími 422 7703 • GSM 892 8812 • Síðupóstur: ragn@centrum.is



Hraun 3  
730 Reyðarfjörður  
Sími 414 9400  
[launafl.is](http://launafl.is)

## BLUE LAGOON ICELAND



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR  
Sími 421 2999 • [www.nysprautun.is](http://www.nysprautun.is)



[www.lyra.is](http://www.lyra.is)



[www.banarar.is](http://www.banarar.is)



[www.hsorka.is](http://www.hsorka.is)



481 3131  
VESTMANNAEYJUM  
STOFNAD 1971



# Styrktarauglýsingar

PROMENNT



HLÍÐARKAUP



Frímúrarinn þakkar öllum auglýsendum fyrir stuðninginn



Vel sótt námskeið fyrir féhirða og ritara.

Ljós. Jón Svavarsson

# Námskeið fyrir féhirða og ritara

Sameiginleg framkvæmdanefnd Stúkuráðs og Fræðaráðs um námskeið hélt námskeið fyrir féhirða og ritara starfsstúknanna laugardaginn 3. október sl. Talsverð óvissa ríkti vegna kórónuveirusjúkdómsins og takmörkunar á starfi Reglunnar en það náðist að koma þessu í framkvæmd rétt áður en samkomubannið var hert. Sömuleiðis var óvíst hve mikil þátttaka bræðra gæti orðið við þessar aðstæður, en ákveðið var að gefa engan afslátt á eftirfylgni við allar opinberar reglur um sóttvarnir. Samtals urðu þátttakendur úr hópi féhirða og ritara 75 talsins og komu þeir frá 14 stúkum. Aðrir bræður voru um 20 talsins, þ.e. þeir sem fluttu ávörp, inngangserindi, fræðslu eða aðstoðuðu á einhvern hátt við framkvæmdina. Öllum eru þeim færðar innilegar þakkir.

Þetta voru raunar tvö námskeið, það fyrra var haldið fyrir hádegi og var fyrir féhirðana en það síðara eftir hádegi og var fyrir ritarana. Ávörp fluttu fjórir R&K og nefndarmennirnir fjórir voru með stutt inngangserindi. Meginefnið var svo hagnýt erindi um störf og skyldur þessara embættismanna, en þau fluttu tveir bræður á hvoru námskeiði, allir með



Vel var gætt að sóttvörnum.

langa reynslu af þessum störfum. Jafnframt og í lokin var boðið uppá almennar umræður þar sem þátttakendum gafst færi á að spyrja, koma með athugasemdir eða segja frá eigin reynslu í störfum sínum. Þátttakendur fengu einnig afhent stutt útbýti með nákvæmri samantekt á tilvísunum í gögn Reglunnar um þau efnisatriði sem vörðuðu starfið í viðkomandi embætti. Að hvoru námskeiði loknu

voru þátttakendur beðnir um að fylla út matsblað á námskeiðinu. Svör þeirra gáfu til kynna að vel hefði tekist til. Fullur hugur er í nefndarmönnum til þess að haldið verði áfram með námskeið fyrir embættismenn starfsstúknanna, en óvíst er að sinni hvenær það verður mögulegt.

*Jóhann Heiðar Jóhannsson,  
form. námskeiðsnefndar.*





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



# TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



**BRÁÐ ehf.**

**ER Á LISTA FRAMÚRSKARANDI  
FYRIRTÆKJA FRÁ UPPHAFI**

*Fyrir það erum við þakklát frábæru starfsfólki,  
sístækkandi hópi viðskiptavina  
og einstakri íslenskri náttúru.*



**VEIÐIHORNID**



SÍÐUMÚLA 8  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 568 8410  
VEIÐIHORNID.IS